Stafrænar myndavélar
MP3 spilarar
Hljómtæki
straumur Silfurgötu 5 • Sími 456 3321

Hafnarbúðin
Sími 456 3245
TILBOÐSDAGAR!
Bolir • Peysur • Buxur
miðvikudag til laugardags

Afgreiðsla Landsbankans með gjaldkera og þjónustufulltrúa er opin í Neista alla virka daga frá kl. 9:15 - 12:30 og 13:30 - 16:00. Fimmtudaga og föstudaga til kl. 19:00
Landsbankinn
Sími 450 5519

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 12. maí 2004 · 19. tbl. · 21. árg.

Það er ekki mitt að dæma

– sjá viðtal í miðopnu við Rósamundu Baldursdóttur, varðstjóra í lögreglunni á Ísafirði

Nýtt hættumat sem staðfestir virkni snjóflóðavarna á Flateyri kynnt íbúum staðarins

Varnargarðarnir hafi sannað gildi sitt fyrir íbúum og sérfræðingum

Nýtt hættumat sem kynnt var íbúum Flateyrar í gær staðfestir virkni snjóflóðavarnanna sem lokið var árið 1998. Hættumatið er unnið af Veðurstofu Íslands á vegum hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar sem umhverfisráðherra skipaði þann 20. mars 2001 í samræmi við ákvæði reglugerða um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Í hættumati eru mörkuð þrenns konar hættusvæði á grundvelli mats á líkindum þess að snjóflóð falli á byggð eða nálægt henni. Í reglugerð er miðað við svokallaða staðaráhættu sem skilgreind er sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Er svæðum skipt í A, B og C flokk eftir þeirri áhætta sem felst í því að búa á hverju svæði fyrir sig.

Á A-svæði eru dánarlíkur af völdum snjóflóðs 0,3-1 af 10.000 á ári. Á svæði B eru líkurnar 1-3 af 10.000 á ári og á svæði C eru líkurnar meiri en 3 af 10.000 á ári. Til samanburðar má nefna að áhætta á A og B svæði er svipuð og að farast í umferðarslysi á Íslandi.

Af helstu niðurstöðum hættumatsins fyrir Flateyri má nefna að engin hús á staðnum eru nú á svæði C. Einungis eitt hús á Flateyri er á svæði B en það er bensínstöð Esso. Að auki er íbúðarhúsið á Sólbakka á svæði B. Til samanburðar má nefna að áður en snjóflóðagarðarnir risu var stór hluti íbúðarhúsa á Flateyri á svæði C.

Í kynningarbæklingi sem dreift hefur verið til íbúa á Flateyri segir að varnargarðarnir hafi sannað gildi sitt bæði gagnvart heimamönnum og sérfræðingum á þessu sviði. Á garðana hafa fallið snjóflóð sem sýndu eiginleika slíkra mannvirkja og jafnframt gáfust þá einstök tækifæri til að rannsaka áhrif þeirra á hegðun flóðanna.

Flateyri. *Ljósm: Mats Wibe Lund.*

– hj@bb.is

SAMKAUP
Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21
SAMKAUP
...gæði og ferskleiki!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Greiðir 90% bóta

Umhverfisráðuneytið hefur fallist á tillögu Ofanflóðasjóðs um að sjóðurinn taki þátt í bótagreiðslum Ísafjarðarbæjar til Skógræktarfélags Ísfirðinga vegna tapaðs trjágróðurs á framkvæmdasvæði snjóflóðavarnargarðs undir Seljlandsmúla í Skutulsfirði. Til grundvallar bótaupphæðinni liggur mat á verðmæti trjágróðursins sem Ísafjarðarbær lét framkvæma og hljóðar upp á 1,3 milljónir króna. Ofanflóðasjóður mun greiða 90% bótafjárhæðarinnar og Ísafjarðarbær 10% eins og tíðkaðist um framkvæmdir við snjóflóðavarnir.

Átta sækja um starfið

Átta umsóknir bárust um stöðu skólastjóra við Grunnskóla Bolungarvíkur. Umsækjendur eru Árni Þorsteinsson skólastjóri í Reykjavík, Ingi Þór Reykdal leiðbeinandi í Hafnarfirði, Kristín Ó. Jónasdóttir náms- og starfsráðgjafi á Ísafirði, Kristján Jóhannesson skólastjóri í Reykjavík, Skarphéðinn Ólafsson kennari á Ísafirði, Soffía Vagnsdóttir framkvæmdastjóri í Bolungarvík, Steinunn Guðmundsdóttir kennari í Bolungarvík og Sverrir Kristinsson skólastjóri á Norður-Héraði.

Ráðist í forvarnir

Umhverfisráðuneytið hefur að tillögu Ofanflóðanefndar fallist á að styrkja Ísafjarðarbæ til fyrirbyggjandi aðgerða gegn grjóthruni ofan byggðar á Ísafirði og Suðureyri. Að sögn Sigurðar Mar Óskarssonar, bæjartæknifræðings Ísafjarðarbæjar, er ætlunin að hreinsa úr hlíðunum grjót sem er talið hættulegt og verður ráðist í verkið strax í sumar. Hann segir fyllsta öryggis verða gætt enda þurfi að sprengja grjótið niður.

Baldur Ingi þjálfar KFÍ

Baldur Ingi Jónasson hefur verið ráðinn næsti þjálfari KFÍ. Nýkjörin stjórn ákvað þetta í síðustu viku. Baldur Ingi hefur um árabil leikið með liðinu og hefur einnig komið að þjálfun þess. Fráfarandi þjálfari KFÍ er Hrafn Kristjánsson.

Afgreiðslusalurinn hefur fengið nýtt og nútímalegt útlit. *Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.*

Útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði fagnar aldarafmæli á laugardag

Gagngerar endurbætur á húsnæði

Útibú Landsbankans á Ísafirði opnaði á mánudagsmorgunn eftir gagngerar endurbætur sem staðið hafa yfir að undanförnu og hefur afgreiðslusalurinn á 1. hæð m.a. fengið nýtt útlit. Að sögn Brynjólfs Þórs Brynjólfssonar, útibústjóra, leist bæði starfsfólki og viðskiptavinum mjög vel á nýju innréttingarnar.

„Við erum enn að koma okkur fyrir og taka upp úr kössunum en þetta er allt að koma“, segir Brynjólfur. „Við stefnum að því að hafa allt klárt fyrir 100 ára afmæli útibúsins á laugardag.“ Þjónustu útibúsins hélst óbreytt á framkvæmdatímanum en starfsemin var öll flutt upp á aðra hæð meðan iðnaðarmenn voru að störfum í afreiðslusalnum.

Á föstudag verður boðið upp á kaffi og kökur í Landsbankanum í tilefni afmælisins og þá er um að gera fyrir Vestfirðinga að líta við og virða fyrir sér endurbæturnar.

– thelma@bb.is

Steypuframkvæmdir í fullum gangi við Grenilund 7.

Glerlistaverk í Safnahúsinu

Myndlistarkonan Sigríður Ásgeirsdóttir eða Systa eins og hún er oft kölluð opnaði sýningu á glerlistaverkum í Safnahúsinu á Ísafirði síðdegis á laugardag.

Sýningin er haldin í bókasafninu og verður opin á opnunartíma safnsins fram á sumar. Fjölmargir gestir virtu listaverkin fyrir sér og þótti fara vel á þeim í gluggum safnahússins. Sýningin ber yfirskriftina „Þrjátíu dagar í kevelaer“ og samanstendur af 14 steindum gluggum.

Sigríður er fjölmenntuð listakona og eru víða verk eftir hana bæði á Íslandi og erlendis, meðal annars í Norræna húsinu, Þjóðarbókhlöðunni, Langholtskirkju í Reykjavík og sjúkrakapellunni á Ísafirði.

Sigríður Ásgeirsdóttur ræðir verkin við Geirþrúði Charlesdóttur og Jón Guðjónsson.

Þetta er í fyrsta sinn sem Sigríður sýnir eingöngu steinda glugga, en þrettánda einkasýning hennar. Auk þess að vinna steind gler í byggingar fæst hún við fjölbreytt viðfangsefni, m.a. lágmyndir á veggi, málverk, bókakápur og myndskreytingar. *– kristinn@bb.is*

Uppsteypu fyrsta hússins að ljúka

Fyrsta húsið á Tunguskeiði, nýju íbúðahverfi á Ísafirði, er óðum að rísa. Vestfirskir verktakar voru á mánudag að steypa upp húsið sem stendur við Grenilund 7. Notaðir eru svokallaðir plastkubbar til þess að steypa í staðinn fyrir hefðbundin mót. Að því loknu verður húsið einangrað að utan og að innan. Húsið verður 170 fermetrar með 10 fermetra sólskála og 30 fermetra bílsskúr.

Að sögn Hermanns Þorsteinssonar, hjá Vestfirskum verktökum, verða tvö hús reist í sumar og jafnvel fleiri ef áhugi er til staðar. „Alltaf þegar fólk sér hreyfingu á hlutunum á Tunguskeiði er töluvert spurt um húsin“, segir Hermann og hvetur áhugasama um að hafa samband við Vestfirska verktaka. *– thelma@bb.is*

Mikill munur á gjöldum til hafna eftir atvinnugreinum

Útgerðir far-þegabáta greiða mun minna en aðrir

Flestir ferðamenn sem fara í sjóferðir frá Ísafirði fara um Sundhöfn á Ísafirði.

Fyrirtæki sem flytja ferðamenn um hafnir landsins greiða aðeins lítið brot af þeim gjöldum sem fyrirtæki sem flytja fisk um hafnirnar þurfa að greiða af sömu tekjum. Á undanförnum árum hefur átt sér stað töluverð og kostnaðarsöm uppbygging í mörgum höfnum landsins til þess að mæta þörfum þeirra fyrirtækja sem bjóða ferðamönnum sjóferðir. Ísafjarðarhöfn er ein þeirra hafna sem á undanförnum árum hefur lagt töluvert af mörkum til þess að bæta aðstöðu þeirra fyrirtækja sem stunda siglingar með ferðamenn.

Uppbygging hafnarmannvirkja hefur fram að þessu verið kostuð sameiginlega af ríkissjóði og hafnarsjóðum eftir reglum þar um. Sú kostnaðarskipting mun breytast á næstu árum og stærri hluti framkvæmda verður á höndum hafnarsjóðanna sjálfra. Rekstur hvers hafnarsjóðs fyrir sig þarf síðan að standa undir sér og það er gert með gjöldum á þá aðila sem nota hafnirnar.

Þeir sem róa til fiskjar og landa afla sínum í Ísafjarðarhöfn greiða ýmis gjöld. Í fyrsta lagi er greitt 1,28% aflagjald af verðmæti þess afla sem landað er. Þeir bátar sem nota krana hafnarinnar greiða fyrir það 235 kr. á hvert landað tonn en þó aldrei meira en 10.000 krónur á mánuði. Öll skip og bátar greiða síðan viðlegugjöld sem greidd eru í samræmi við þann tíma sem skipið hefur viðlegu í höfninni. Flutningaskip sem hingað koma greiða einnig ýmis gjöld í takt við þá þjónustu sem þau þiggja frá höfninni.

Þeir bátar sem sigla með ferðamenn frá t.d. Ísafjarðarhöfn greiða hinsvegar aðeins viðlegugjöld til hafnarinnar auk ýmissa annarra smærri gjalda sem allir greiða svo sem sorpgjalda. Í dag greiða minni farþegabátar 5.430 krónur á mánuði til hafnarinnar í viðlegugjald og þeir stærri greiða 8.460 krónur á mánuði. Gjöldin eru miðuð við fast pláss á ákveðnum stað í höfninni en eins og kunnugt er hefur farþegabátum verið sköpuð föst pláss við bryggjur á Ísafirði.

Af þessum tölum má ráða að þau fyrirtæki sem gera út til fiskjar eru að greiða mun meira fyrir þjónustu hafnarinnar en þau fyrirtæki sem gera út á ferðamenn. Það sést best á mjög einföldu dæmi. Ef borin eru saman þau gjöld sem útgerðir greiða aðeins fyrir að fara með farm sinn um höfnina þ.e. fisk og ferðamenn. Útgerð báts sem landar á einum mánuði afla að verðmæti 10 milljónir króna greiðir til hafnarinnar aflagjald að upphæð 128 þúsund krónur og að auki greiðir útgerðin ýmis önnur gjöld sem áður eru nefnd.

Útgerð sem siglir með ferðamenn og hefði 10 milljónir í tekjur greiðir aðeins viðlegugjald kr. 5.430-8.460 krónur á mánuði. Því má segja að sá sem fer um höfnina og landar ferðamönnum greiði aðeins 4-7% af því sem sá sem landar fiski greiðir. E.t.v. er ósanngjarnt að gefa sér að hægt sé að ná 10 milljóna tekjum á mánuði á sjóferðabát, en munurinn er samt sláandi.

– hj@bb.is

Sumarbústaðir í Tunguskógi

„Skúraþök“ ekki heimiluð

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hafnar því að nýir sumarbústaðir verði reistir í Tunguskógi með svokölluðu „skúraþaki“ en nær allir bústaðirnir þar eru með risþaki.

„Umhverfisnefnd metur það svo að þakgerð húsa sé einn meginþátturinn í að tryggja heildarsvip hverfisins. Aðeins eitt hús er til staðar með s.k. skúraþaki, en það hús var byggt á 4. áratug síðustu aldar. Síðan 1994 hafa rúmlega 30 sumarhús verið byggð og eru þau öll með risþaki. Gera verður þá lágmarkskröfu til nýbygginga í hverfinu að sú þakgerð haldi sér“, segir í bókun nefndarinnar.

Kristjana S. Kjartansdóttir sótti um byggingarleyfi fyrir sumarbústað í Tungudal í nóvember og vildi umherfisnefnd ekki fallast á þakgerðina samkvæmt framlögðum teikningum og fór fram á að tekið yrði tillit til ríkjandi þakforms á svæðinu.

Kristjana ritaði nefndinni bréf í janúar og fór fram á að hún endurskoðaði afstöðu sína eða rökstyddi hana með vísan til stjórnsýslulaga. Á síðasta fundi nefndarinnar var lagt fram minnisblað bæjarlögmanns vegna málsins og ítrekaði umhverfisnefnd fyrri afstöðu sína.

– kristinn@bb.is

Sumarbústaðalandið í Tungudal.

Þrír verktakar í lokuðu alútboði

Þrjú verktakafyrirtæki á Ísafirði hafa verið valin til þess að taka þátt í lokuðu útboði vegna byggingar íþróttahúss á Suðureyri. Fyrirtækin eru Ágúst og Flosi ehf., Trésmiðjan ehf., og Vestfirskir verktakar ehf.

Útboðið er svokallað alútboð þar sem fyrirtækin hanna húsið frá grunni og gera síðan tilboð í smíði þess. Þegar tilboðin verða síðan metin er annars vegar horft til hönnunar og notagildi hússins annars vegar og hinsvegar verðs.

Eignarhaldsfélag Ísafjarðarbæjar hf.

Nafninu breytt í Hvatning hf. eignarhaldsfélag

Stjórn Eignarhaldsfélags Ísafjarðarbæjar hf. hefur óskað eftir heimild til að halda hluthafafund og breyta samþykktum þannig að nafn félagsins verði Hvatning hf. eignarhaldsfélag. Bæjarráð mælti með því við bæjarstjórn að beiðnin verði samþykkt og mun Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, sitja fundinn einn þar sem Ísafjarðarbær er eini hluthafinn í félaginu.

Í minnisblaði bæjarstjóra vegna málsins segir að tilgangur félagsins verði áfram að taka þátt í stofnun og starfsemi annarra félaga sem rekin eru á grundvelli arðsemissjónarmiða, fela í sér nýmæli í atvinnulífi og eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs á norðanverðum Vestfjörðum. Bæjarstjóri tekur fram að það er sé átt við allt svæðið en ekki eingöngu Ísafjarðarbæ.

Eignarhaldsfélagið var stofnað í vetur af Ísafjarðarbæ sem lagði því til 40 milljónir í stofnfé og er markmiðið að styrkja félagið með því að fá fleiri hluthafa til liðs við það.

– kristinn@bb.is

Húsakynni Hótels Ísafjarðar endurnýjuð

Anddyri hótelsins hefur verið gjörbreytt og er það orðið mun bjartara og rýmra.

Eitt af kennileitum miðbæjarins á Ísafirði er Hótel Ísafjörður. Það var tekið í notkun í upphafi níunda áratugar síðustu aldar. Í upphafi bætti það úr mikilli þörf. Annars vegar var mikil vöntun á frambærilegu gistirými og einnig sárvantaði fyrsta flokks veitingastað. Úr hvoru tveggja var bætt þegar rekstur hótelsins hófst. Á ýmsu gekk í rekstrinum framan af en meiri festa hefur ríkt mörg undanfarin ár. Fyrir nokkrum árum var rekstri þess breytt á þann veg að veitingarekstrinn var leigður út og við honum tóku SKG-veitingar.

Að undanförnu hafa staðið yfir miklar endurbætur innanhúss. Á sumardaginn fyrsta var bæjarbúum gefinn kostur á því að skoða sig um á endurbættu hótelinu og nýttu fjölmargir það tækifæri.

Af þessu tilefni ræddi BB við Áslaugu Alfreðsdóttur hótelstjóra um breytingarnar. Hún var fyrst spurð hvers vegna hafi verið ráðist í þessar viðamiklu breytingar.

„Við fórum í fyrra að skoða markaðinn með hliðsjón af þeim ferðamönnum sem við höfum verið að þjóna. Í framhaldinu var ákveðið að breyta salnum á fimmtu hæðinni. Vegna breytinga á fundaholdum var sá salur orðinn úreltur og var ekki að skila þeim tekjum sem þörf er á. Á sama tíma var farið að bera á vöntun á hótelrými á ákveðnum tímum. Því tókum við þá ákvörðun að breyta salnum í fjögur glæsileg herbergi. Eitt þeirra er stærra en önnur herbergi á hótelinu og hentar því vel t.d. fjölskyldum sem vilja vera fleiri saman í herbergi. Gisting á hótelinu hefur breyst nokkuð á liðnum árum. Gisting á vetrum hefur minnkað en gisting á sumrum hefur aukist. Sérstaklega hefur hópum fjölgað á sumrin og við vorum farin að verða í vandræðum með að koma stærstu hópunum fyrir í gistingu. Því töldum við að með þeirri viðbótarsölu sem fæst við þessar breytingar gætum við staðið undir þessum framkvæmdum.“

– En kom ekki til greina að endurnýja salinn með það að markmiði að þar yrði veitingasalur?

„Nei, við töldum að slík fjárfesting gæti aldrei skilað sér. Nú getum við hins vegar boðið ný og glæsileg herbergi með glæsilegu útsýni.“

Um tvennt að velja

– Nú hafa á undanförnum árum heyrst fréttir af frekar bágri stöðu hótelrekstrar á landsbyggðinni. Því vekja framkvæmdir ykkar mikla athygli. Þið hafið verið sannfærð um að þið réðuð við þetta verkefni?

„Það var um tvennt að velja. Vera áfram með gömul og úrelt herbergi eða svara kalli tímans og færa húsakynnin til nútímans. Við ákváðum einfaldlega að taka seinni kostinn. Breytingarnar á fimmtu hæðinni og á jarðhæðinni hannaði Guðbjörg Magnúsdóttir innanhússarkitekt. Herbergjahæðirnar á þriðju og fjórðu hæð voru síðan endurnýjaðar með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á annarri hæðinni á sínum tíma og við sáum um það hér á hótelinu. Verkið var unnið undir stjórn Ágústs og Flosa ehf. en að því komu starfsmenn margra annarra iðnfyrirtækja og gekk sú vinna mjög vel.“

Stærsta herbergið á hótelinu er hið glæsilegasta.

– Hafði þessi vinna ekki í för með sér mikla röskun á starfseminni?

„Gestir urðu nú ekki mikið varir við framkvæmdirnar nema þær sem fram fóru í anddyrinu. Og fólk sýnir nú alltaf skilning framkvæmdum sem til framfara horfa.“

Breytingar í gistingu

– Hvernig hafa áðurnefndar breytingar í gistingu orðið?

„Með breytingum í atvinnulífinu hefur ferðum þjónustuaðila á vetrum fækkað mikið hér. Einnig hafa bættar samgöngur gert það að verkum að fólk keyrir meira á milli en áður var. Það er til dæmis mjög algengt, að sé ófært að kvöldi í flugi til Reykjavíkur, þá leigja gestir sér frekar bíl til þess að komast leiðar sinnar heldur en að gista lengur. Á sumrin erum við hins vegar að hafa hærri tekjur á hvern gest þannig að við förum langt með að vinna upp tekjutapið að vetrinum. Síðan er meiningin með þessum breytingum að lengja ferðamannatímabilið bæði að vori og hausti.“

– Nú er mikið rætt um samþjöppun í eignarhaldi í ferðaþjónustunni. Þið hafið staðið utan þessara blokka?

„Já, við höfum reynt að gera þetta á okkar forsendum. Við erum í samstarfi við Hótel Eddu um reksturinn á heimavist Menntaskólans en að öðru leyti höfum við gert þetta á eigin forsendum. Ég er nú ekki sammála því að um einhverja verulega samþjöppun sé að ræða. Sér í lagi eftir að Flugleiðir skilgreindu sig þrengra en áður á markaðnum. Sú umræða sem oft kemur upp um of mikil áhrif Flugleiða á markaðnum er svolítið tvíbent. Það má ekki gleymast að enginn aðili ver meira fjármagni til kynningar á Íslandi erlendis en Flugleiðir. Ætli sú fjárhæð nemi ekki um tveimur milljörðum króna á ári. Allir í ferðaþjónustunni njóta þeirrar markaðssetningar. Hins vegar má segja að Flugleiðir og Ferðamálaráð hafi hugsanlega lagt of mikla áherslu á borgarsamfélagið á vetrum, þ.e. á ferðir til höfuðborgarinnar. Hingað til landsins kemur mikið af fólki sem er að fara í borgarferð alveg eins og hefðbundnar borgarferðir eru og veltir því ekki fyrir sér að fara mikið út fyrir borgarmörkin.“

Sambýlið við smærri aðilana

– Hvernig gengur ykkur með þetta stóra hótel í sambýlinu við minni aðilana í ferðaþjónustunni hér vestra, t.d. hvað markaðssetningu varðar?

„Það sambýli gengur vel. Það sem hins vegar háir Vestfjörðum svolítið er að ekki skuli vera hótel af svipaðri stærð og okkar á suðurhluta Vestfjarða eða á Ströndum. Það háir okkur svolítið vegna hópanna sem hingað koma. Leggurinn hingað er í lengra lagi. Þess vegna urðu það mikil vonbrigði þegar áætlanir um byggingu hótels á Tálknafirði fyrir nokkrum árum gengu ekki upp. Sú bygging hefði styrkt starfsemi okkar. Það vantar hótel í sambærilegum flokki og okkar sem er opið yfir helsta ferðamannatímann.“

– Hvernig skiptast gestir ykkar eftir þjóðerni?

„Fyrir tveimur árum náðu erlendu gestirnir yfirhöndinni í fjölda, í kjölfar þess að vetrargisting Íslendinga minnkaði.

– Nú er mikið rætt um áhrif hvalveiða á ferðaþjónustuna. Finnið þið fyrir því hér vestra?

„Nei það höfum við ekki gert. Við finnum ekki fyrir því hér. Ég hins vegar trúi því að það geti haft áhrif hjá þeim fyrir norðan eins og menn hafa haldið fram. Ég held að það sé margt annað sem ógni okkur meira hér um slóðir en hugsanlegar hvalveiðar. Það sem mest ógnar okkur er sú staðreynd að við höfum ekki úr miklum fjármunum að moða við markaðssetningu okkar, bæði erlendis og ekki síður innanlands. Það er okkar stærsta og mikilvægasta verkefni í framtíðinni – að sannfæra fólk um að hingað hafi menn margt að sækja og þá sérstaklega Íslendingar. Þar er mikill og lítt plægður akur sem við þurfum að erja miklu betur á komandi árum.“

Stærsta herbergið getur bæði nýst sem brúðarsvíta, fjölskylduherbergi eða fyrir fundi.

Ekki vantar síður á glæsileikann í „standard“ herbergjunum.

Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2004

verður haldinn í Grunnskólanum í Súðavík laugardaginn 15. maí kl. 11.00

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreikninga
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Stjórnarkjör
6. Laun stjórnarmanna
7. Önnur mál

Fundurinn er opinn öllum greiðandi sjóðfélögum og lífeyrisþegum. Gestir eru beðnir að staðfesta þátttöku sína í símum 4564233/ 4563980 fyrir 14. maí næst komandi.

Upplýsingar um starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2003

Tryggingafræðileg úttekt.
Tæknideildinn hf hefur gert tryggingafræðilega úttekt á fjárhagsstöðu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga miðað við árslok 2003. Áfallnar skuldbindingar tryggingadeildar eru áætlaðar kr. 15.815 milj. kr. í árslok miðað við 3,5% ávöxtun. Endurmetin hrein eign sjóðsins er áætlaðar kr. 15.700 milj. kr. eða um 4,8% hærri en áfallnar skuldbindingar. Ef tekið er tillit til áætlaðra framtíðariðgjalda sjóðsins er talið að verðmæti áunninna réttinda verði um 1.598 milj. kr. hærra en iðgjöldin. Ef eigin sjóðsins í árslok 2003 eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu má áætla að mismunurinn á eignum sjóðsins og framtíðarskuldbindingum hans sé neikvæður um 906 milj. kr. eða 3,6%.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2003:
Kristján G. Jóhannsson, Pétur Sigurðsson, Bjarni L. Gestsson, Einar Valur Kristjánsson

Framkvæmdastjóri: Guðrún K. Guðmannsdóttir

Efnahagsreikningur 31.12.2003	Í þús. kr
Fastagnir	37.041
Verðbréf með breytilegum tekjum	8.542.964
Verðbréf með föstum tekjum	7.473.798
Veðlán	641.907
Fullnustueignir	23.250
Kröfur	404.515
Aðrar eignir	125.233
Eignir samtals	15.248.322
Skuldir	48.089
Hrein eign til greiðslu lífeyris	15.200.233

Fjárfestingar ársins 2003	Þús. kr	Hlutf. af heild
Verðbréf m/ breytt tekjum	2.201.304	58,0%
Verðbréf m/ föstum tekjum	1.321.194	35,7%
Veðlán	308.526	8,3%
Samtals	3.831.024	100,0%

Eignir 31.12	2003	2002
Eignir í isl. kr.	79,4%	83,8%
Eignir í erl. Gjaldmiðlum	20,6%	16,2%
	100,0%	100,0%

Kennitölur ársins 2003	
Kennitölur samtryggingardeildar	**Árið 2003**
Raunávöxtun	13,20%
Hrein raunávöxtun	12,77%
Meðaltal hr. raunávöxtunar síðustu ár	1,87%
Meðaltal hr. raunávöxtunar s.l. tíu ár	4,64%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	0,44%
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	4,80%
Starfsmannafjöld	4
Fjöld lífeyrisþega	1048
Kennitölur L-deildar	**Árið 2003**
Raunávöxtun	10,45%
Hrein raunávöxtun	10,02%
Meðaltal hr. raunávöxtunar s.l. fimm ár	8,73%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	0,44%
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	1,90%
Fjöld lífeyrisþega	46
Kennitölur Séreignadeildar	**Árið 2003**
Raunávöxtun	21,74%
Hrein raunávöxtun	21,34%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	0,44%
Eignir í isl. kr.	92,00%
Eignir í erl. gjaldmiðlum	8,00%
Fjöld lífeyrisþega	3

Yfirlit yfir sjóðsreikning 2003	Í þús. kr
Iðgjöld	523.638
Fjárfestingartekjur	496.919
Áfallinn gang. verðbréfa	1.162.909
Sald verðbréf m/ breytilegum tekjum	1.215.213
Sald verðbréf m/ föstum tekjum	906.143
Sektar aðrar eignir	1.800
Innreitt fjármagn ársins 2003	4.306.642

Lífeyrisgreiðslur 2003	Í þús. kr	%
Elliiðgjöld	176.119	51,2
Örorkuiðgjöld	130.980	38,0
Makaiðgjöld	48.793	14,2
Barnaiðgjöld	13.808	4,0
Samtals	369.620	107,4
	-	
Akstursiðgjöld	193.501	52,6%
Sólmunaiðgjöld	176.119	47,8%
Samtals	369.620	100,0%

ritstjórnargrein

Skíðafélagið

„Hér er sennilega ríkasta skíðahefðin á landinu. Það finnur maður vel þegar komið er á aðra staði. Það sást kannski best í janúar á þessu ári þegar snjórinn kom eftir mögur ár. Þá fann maður hversu fljótt áhuginn kviknaði. En þetta er ekki sjálfgefið. Við sem nú erum uppi njótum mjög ávaxtanna af ríkulegu starfi forvera okkar. Með sinni miklu vinnu sköpuðu þeir þá hefð sem ennþá ríkir hér í hinni miklu sjálfboðavinnu í uppbyggingu skíðamannvirkja.“ Svo mæltist formanni Skíðafélags Ísafjarðar, Jónasi Gunnlaugssyni, í viðtali við BB í síðustu viku. Hinn 4. apríl voru 70 ár liðin frá stofnun félagsins. Tímamótanna var minnst með veglegu samsæti á laugardaginn.

Hugsjónarmennirnir, sem stóðu að stofnun Skíðafélagsins, vissu strax að hverju bæri að stefna: Skíðaíþróttin skyldi verða almenningseign. Markmiðinu skyldi náð „meðal annars með því að hvetja sem flesta til þátttöku, sjá fyrir kennslu með námskeiðum eða öðrum aðferðum, gangast fyrir kappmótum og útbreiða þekkingu á skíðaíþróttinni á annan hátt, eins og verða má,“ eins og segir í 2. grein laga félagsins.

Fullyrða má að tilgreind markmið hafi forgöngumenn félagsins haft að leiðarljósi allar götur frá stofnun félagsins til dagsins í dag. Ber því gleggst vitni öll sú uppbygging er átti sér stað á Seljalandsdal, „Paradís skíðamanna“, eins og dalurinn var tíðast kallaður og er enn í hugum margra. Mannvirkin, sem þar voru reist, í gegnum árin, mestan part í sjálfboðavinnu, höfðu þann eina tilgang að skapa sem besta aðstöðu til skíðaiðkunar; allt frá aðstöðu til hollrar og góðrar útivistar fyrir unga sem aldna, til hins besta fyrir keppendur í íþróttinni. Á 70 ára ferli Skíðafélagsins komu margir mætir menn að verki við uppbygginguna á Seljalandsdal. Öllum ber þeim miklar þakkir. Einnig öðrum utanaðkomandi er lögðu málinu lið með einum eða öðrum hætti. Vonandi er engum þeirra gert rangt til þótt hér verði aðeins einn maður nefndur til sögu, Guðmundur heitinn Sveinsson, netagerðarmeistari.

Þrátt fyrir allt eru þó líkur á að Skíðafélag Ísafjarðar verði ríkast í hugum fjöldans fyrir Skíðavikuna, sem frá árinu 1935 hefur verið nær árviss viðburður í bæjarlífinu á Ísafirði um páskana. Með Skíðavikunni hefur Skíðafélagið skráð nafn sitt með stóru letri í sögu Ísafjarðar. Skíðavika á Ísafirði er nokkuð, sem engum gleymist er upplifað hefur.

Bæjarins besta árnar Skíðafélagi Ísafjarðar heilla á merkum tímamótum.

s.h.

orðrétt af netinu

Of stutt frí

Þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hvarf að landi brott til þess að sitja námskeið um Evrópu út í London, héldu margir að tilgangur hennar væri að halda sér frá pólitískum skarkala þannig að hún gæti átt ferska innkomu inn á leiksvið íslenskra stjórnmála. Ef það var tilgangurinn er ljóst að það hefur algjörlega mistekist.

Í tengslum við umræður um fjölmiðlafrumvarpið hefur borgarfulltrúinn látið til sín taka á nýjan leik. Það fer þó ekki mikið fyrir ferskleika heldur eru gömlu slagorðin um samræðustjórnmálamenn og umræðustjórnmál rifin upp, alveg jafn löng og innihaldslaus eins og þau voru áður en farið var á námskeið í London. Ég veit líka ekki hvort fyrirtækjum eins og Baugi, Norðurljósum og KB banka sé nokkur greiði gerður með því að Ingibjörg rifji stöðugt upp Borgarnesræðu sína, eins og hún hefur gert á síðustu dögum, og þannig sífellt dregin af henni í pólitískan bás.

deiglan.com – Torfi Kristjánsson

Útgefandi: H-prent ehf., Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, *kristinn@bb.is* – Halldór Jónsson, sími 892 2132, *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Auglýsingar**: Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, *denni@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

Skemmtiferðaskipið Royal liggur á Skutulsfirði.

Sautján skemmtiferðaskip koma til Ísafjarðar í sumar

Stærsta skipið er 38 þúsund brúttótonn

Metfjöldi skemmtiferðaskipa siglir um Ísafjarðardjúp í sumar. Alls koma 17 skip til Ísafjarðar og til viðbótar hefur eitt skip viðdvöl við Vigur í Ísafjarðardjúpi. Aldrei hafa skipakomurnar verið fleiri en flest skipana hafa þó komið til Ísafjarðar áður. Fyrsta skipið kemur 20. júní sem er með fyrra fallinu að sögn Guðrúnar K. Guðmannsdóttur, starfsmanns Ísafjarðarhafnar. Áætlað er að síðasta skemmtiferðaskipið komi til Ísafjarðar 24. ágúst.

Þá er von á skemmtiferðaskipinu MV Prinsendam sem verður það stærsta sem komið hefur til Ísafjarðar. Skipið er tæplega 38 þúsund brúttótonn og tekur 500 farþega. Mun skipið liggja við akkeri á Skutulsfirði. „Það verður straumur af ferðamönnum frá öllum heimshornum um Ísafjörð í sumar“, segir Guðrún K. Guðmannsdóttir hjá Ísafjarðarhöfn en alls er von á 6.300 farþegum með skemmtiferðaskipum auk áhafna.

– thelma@bb.is

Ísafjarðarbær og Súðavík

Sameinist um sumarbústaðaland í Álftafirði

Áhugi er fyrir samstarfi milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps um skipulagningu sumarbústaðalands á Seljalandi í Álftafirði, að því er fram kemur í bókun sameiginlegs fundar sveitarstjóra á norðanverðum Vestfjörðum sem haldinn var fyrir skömmu. Jörðin Seljaland er í eigu Ísafjarðarbæjar en tilheyrir Súðavíkurhreppi.

Sveitarstjórarnir leggja til að sveitarfélögin tvö hefji skipulagsvinnu á Seljalandi en fyrsta skrefið í samstarfinu verði skilgreining verkefnisins og undirritun samstarfssamnings. Bolungarvík hefur ekki skipulagt sumarbústaðaland innan síns svæðis.

Helsta sumarbústaðaland Ísfirðinga er í Tungudal í botni Skutulsfjarðar. Þar er nær fullbyggt miðað við núgildandi skipulag og engar lóðir lausar.

– kristinn@bb.is

Karl Jónsson, einstæður faðir á Ísafirði

Skorar á Ísafjarðarbæ að endurskoða leikskólagjöld

Á fundi fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu var lagt fram bréf Karls Jónssonar, einstæðum föður á Ísafirði, þar sem hann skorar á bæjaryfirvöld að endurskoða afslátt einstæðra foreldra af leikskólagjöldum.

„Ég vildi benda á að Ísafjarðarbær er líklega eina bæjarfélagið sem er ekki með fastan afslátt fyrir einstæða foreldra. Leikskólagjöld eru tekjutengd og fólk þarf að hafa skammarlega lág laun til að fá afslátt. Mér finnst þetta ósanngjarnt því að með hærri launum verður útsvarið sem þarf að borga til bæjarins hærra. Ég bjó áður á Stykkishólmi og þar er 30% afsláttur óháð tekjum og flest sveitarfélög eru á svipuðum nótum”, segir Karl.

Karl Jónsson.

„Þó að ég sé ekki sjálfur að kvarta þá er þetta jafnréttismál sem ég vildi vekja athygli á“, segir Karl og bætir við að það sé ósk hans að málið fái jákvæðar undirtektir hjá bæjaryfirvöldum og að brugðist verði við því.

„Ég undrast samt dálítið afgreiðslu nefndarinnar því félagsmálanefnd sér væntanlega um niðurgreiðslu á félagslegum nótum en það er alls ekki það sem ég er að tala um. Ákvörðun um þetta hlýtur að vera í höndum þeirrar nefndar sem fer með leikskólamálin og það er Fræðslunefnd.“

Fræðslunefnd vísaði erindinu til félagsmálanefndar sem sér um niðurgreiðslur leikskólagjalda. *– thelma@bb.is*

Sportvöru markaður

Mikið úrval af **splunkunýjum** vörum

adidas hummel PUMA

14. og 15. maí

Félagsheimilið í Hnífsdal

Opnunatími: **föstudagur:** 11 - 19. **Laugardagur:** 10 - 19.

Verslanum Nike konur og börn í Kringlunni og Rounder á Laugavegínum er sönn ánægja að bjóða sameiginlega upp á mjög flottan sportvörumarkað dagana 14-16 maí í félagsheimilinu Hnífsdal.

Nike konur og börn sérhæfir sig í íþrótta- og sportfötum frá Nike fyrir kvenfólk og börn.

Rounder sérhæfir sig í kaupæfingafötum auk þess að vera með valda íþróttaskóvöru frá Adidas, Puma, Hummel og Nike.

Mikið úrval af splunkunýjum vörum. Einnig sérstakt tilboðshorn og tækifæri að gera kaup í öllum afslátt.

Tækifæri fyrir alla fjölskyldunna að fá sér flottar og vandaðar sportvörur fyrir sumarið.

rounder konurogbörn

Efnalaugin Albert ehf., á Ísafirði tekur að sér rekstur þvottahúss Heilbrigðisstofnunarinnar

Fjórum starfmönnum stofnunarinnar sagt upp störfum

Efnalaugin Albert ehf. á Ísafirði hefur gert samning um rekstur þvottahúss fyrir Heilbrigðisstofnunina Ísafjarðarbæ á Ísafirði og hefur fjórum starfsmönnum þvottahúss stofnunarinnar verið sagt upp störfum. Um er að ræða þvott á um það bil 55 tonnum á ári og er gert ráð fyrir þvotti alla virka daga og um helgar ef þörf er á. Samningurinn tekur gildi þann 1.júlí og færist þá þvottahúsið í húsnæði Efnalaugarinnar.

Þröstur Óskarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar segir að lengi hafi verið til athugunar að semja við utanaðkomandi aðila um þvottinn en hingað til hafi enginn verið í stakk búinn til þess að taka þetta verkefni að sér. Þröstur segir að umtalsverður sparnaður hljótist af breytingunni en þvottahús stofnunarinnar hefur kostað um 13 milljónir króna á ári.

Einar Gunnlaugsson.

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.

Starfsmennirnir sem var sagt upp hafa mislangan uppsagnarfrest allt frá þremur til sex mánaða og verða því væntanlega verkefnalausir hluta uppsagnarfrestsins. Allir eru þeir konur sem eru komnar yfir miðjan aldur. Aðspurður hvort ekki fylgdi fjárhagslegt óhagræði að leggja af rekstur þvottahússins þar sem til staðar séu öll tæki segir Þröstur svo ekki vera því samið hafi verið um að Efnalaugin Albert kaupi öll tæki þvottahússins. Kaupverð fékkst ekki gefið upp.

Fyrir nokkru síðan tók verktaki við ræstingum á neðstu hæð Heilbrigðisstofnunarinnar en starfsfólk stofnunarinnar sinnir áfram ræstingum á öðrum hæðum. Aðspurður hvort í undirbúningi sé að færa frekari rekstur út fyrir stofnunina eins og ræstingar annarrra hæða eða eldhúss segir Þröstur það vera flóknara mál en sífellt sé verið að skoða öll atriði sem gætu leitt til sparnaðar í rekstrinum.

„Þessi samningur er mikil viðurkenning á okkar fyrirtæki og því sem við höfum verið að gera“, segir Einar Gunnlaugsson, eigandi Efnalaugarinnar Alberts ehf. Hann segir miklar breytingar verða á starfsemi fyrirtækisins á næstunni. „Við munum í framhaldi af gerð samningsins fjárfesta í nýjum vélum og einnig þarf að gera breytingar á húsnæðinu“, segir Einar en efnalaugin hefur verið í leiguhúsnæði við Pollgötu undanfarin ár.

Aðspurður segir Einar tvo starfsmenn starfa við fyrirtækið í dag og að öllum líkindum verði þeim fjölgað um tvo með auknum umsvifum. Hann segir samninginn hafa átt sér nokkurn aðdraganda og nú sé hann í höfn. „Þetta er þróun sem hefur átt sér stað um allt land og stofnunin á Ísafirði er með þeim síðustu sem breyta fyrirkomulagi þvottahússins“, sagði Einar Gunnlaugsson, eigandi Efnalaugarinnar Alberts. *– hj@bb.is*

Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga

Ekki mikil reisn yfir uppsögnum á Heilbrigðisstofnuninni

Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, segir ekki mikla reisn yfir uppsögnum starfsfólks þvottahúss Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar á sama tíma og verið sé að fjölga stöðum yfirlækna við stofnunina. Þetta segir hann í kjölfar uppsagna fjögurra starfsmanna á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar eftir að samningur var gerður við Efnalaugina Albert á Ísafirði um rekstur þvottahúss fyrir stofnunina.

Pétur segir þróunina í opinberum rekstri áhyggjuefni. „Það er svo skrítið að það virðist öll orka fara í að reyna að spara hjá þeim sem lægst hafa launin hjá opinberum stofnunum. Ég hef engar tölur séð sem sannfæra mig um að umtalsverður sparnaður verði af svona skipulagsbreytingum. Þvert á móti finnst mér flest benda til þess að það verði ekki.“

Pétur Sigurðsson.

Pétur segir dapurlegt að þessi þróun í einkavæðingu láglaunastarfa hafi nú náð til Ísafjarðar. „Það er mjög undarlegt að hver opinbera stofnunin á fætur annarri á Íslandi telur sig geta sparað verulegar fjárhæðir við það að færa störf almenns verkafólks í hendur verktaka. Sé það raunin hlýtur hagkerfi okkar að leka einhvers staðar verulegum fjármunum. Það hlýtur að vera forgangsverkefni að stöðva þann leka áður en hann hefur stórskaðað okkar þjóðfélag.“

Pétur segir það undarlegt að á sama tíma og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sendi neyðaróp vegna tilfærslu tveggja opinberra starfa þá heyrist ekkert frá þeim þegar svona róttækar skipulagsbreytingar eiga sér stað og margir starfsmenn missa vinnuna.

„Stofnunin sýnir ekki mikla reisn með því að segja upp starfsmönnum sem komnir eru yfir miðjan aldur þegar vitað er að fólk á þeim aldri á mjög erfitt uppdráttar á vinnumarkaðnum. Þetta eru mjög dapurleg skilaboð sem send eru. Ég held það hefði enginn skaðast þó að þessi mál hefðu verið látin bíða. Á sama tíma er hinsvegar verið að fjölga yfirlæknastöðum á stofnuninni“, sagði Pétur. *– hj@bb.is*

Blaðamenn frá Independent og Times í Bretlandi

Skoðuðu áhugaverða áfangastaði í Dýrafirði

Blaðamenn frá Independent og Times í Bretlandi voru á ferð á Þingeyri og nágrenni í síðustu viku til að kynna sér menningu og náttúru í Dýrafirði. Tilgangur fararinnar var að leita að nýjum og áhugaverðum áfangastöðum fyrir ferðalanga frá Bretlandi. Frá þessu var greint á Þingeyrarvefnum. Blaðamennirnir voru hér á landi á vegum Ferðamálaráðs og munu fjalla um Ísland og Vestfirði í skrifum sínum.

Heimamenn leiðsögðu gestunum um Þingeyri og sýndu m.a. slóðir Gísla Súrssonar í Haukadal. Fram kemur á Þingeyrarvefnum að leitast hafi verið við að draga fram sérstöðu Dýrafjarðarðar m.a. með því segja frá menningartengdri ferðaþjónustu sem er í undirbúningi.

Virtist þeim líka vistin í Dýrafirði vel og sérstaklega vakti Gísla saga Súrssonar athygli. Höfðu blaðamennirnir á orði þeir myndu ná sér í eintak í enskri þýðingu við fyrsta tækifæri.

Umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Vestfjörðum í ársleyfi

Leyfið tengist breytingum á skipuriti stofnunarinnar

Gísli Eiríksson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Vestfjörðum, hefur fengið ársleyfi frá störfum frá og með 20.júlí. Gísli staðfesti í samtali við blaðið að ákvörðun hans um óska eftir ársleyfi frá störfum tengist breytingum sem nýverið voru gerðar voru á skipuritinu en vildi ekki ræða þau mál nánar. Aðspurður sagðist Gísli vera að fara að vinna við sitt fag annars staðar en yrði búsettur á Ísafirði áfram.

Eins og kunnugt er voru gerðar töluverðar breytingar á skipuriti Vegagerðarinnar fyrir skömmu og höfðu þær meðal annars í för með sér að umdæmum var fækkað og Vestfjarðaumdæmi var fært undir Borgarnes. Skapaðist töluverð óánægja í kjölfarið meðal starfsmanna Vegagerðarinnar á Vestfjörðum sem óttuðust að störf á svæðinu myndu í kjölfarið sogast burt.

Einnig var samkvæmt heimildum blaðsins veruleg óánægja og undrun meðal starfsmanna Vegagerðarinnar að Gísla skyldi ekki hafa verið boðið starf umdæmisstjóra í hinu nýja umdæmi þar sem hann hafði lengstan starfsaldur og mesta reynslu umdæmisstjóranna í þeim þremur umdæmum sem sameinuðust.

Gunnar Gunnarsson, aðstoðarvegamálastjóri, sagðist í samtali við blaðið ekkert vita um ástæður þess að Gísli óskaði eftir leyfi frá störfum. Hann staðfesti þó að vart hefði verið nokkurrar óánægju og ótta meðal starfsmanna Vegagerðarinnar á Ísafirði með þær breytingar sem gerðar voru á skipuriti fyrirtækisins. Að sögn Gunnars mun Kristján Kristjánsson gegna starfi umdæmisstjóra í fjarveru Gísla. Kristján hefur að undanförnu verið í námsleyfi í Englandi.

Að sögn Gunnars verður auglýst eftir tæknimenntuðum starfsmanni til starfa hjá Vegagerðinni á Ísafirði sem fylla á skarð Kristjáns. Gísli Eiríksson hefur verið umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Vestfjörðum síðan 1980 en starfaði hjá Vegagerðinni áður allt frá unglingsárum. – *hj@bb.is*

Höfuðstöðvar Vegagerðarinnar á Ísafirði.

Útboð

Íslandspóstur hf., óskar eftir tilboðum í þjónustu landpósts frá Flateyri/Þingeyri. Dreifing mun fara fram fimm sinnum í viku. Gert er ráð fyrir 3ja ára samningi og að nýr verktaki hefji störf 1. júní 2004.

Afhending útboðsgagna fer fram hjá stöðvarstjóra, Íslandspósts hf., á Ísafirði frá og með 10. maí 2004, gegn 3.000 kr. skilatryggingu. Tilboðum skal skilað á sama stað eigi síðar en mánudaginn 19. maí 2004 kl. 13:00. Tilboð verða opnuð sama dag kl. 13:15 á Hótel Ísafirði að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska. Réttur er áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Íslandspóstur hf

Aðeins sex vikna vinnu að fá

Breyting verður á vinnuskóla Ísafjarðarbæjar í sumar og fá elstu unglingarnir mest vinnu í sex vikur en áður gátu þeir sem óskuðu eftir því fengið að framlengja vistina umfram það. Í yngri aldurshópum er miðað við fjórar og fimm vikur. Fyrsti starfsdagur vinnuskólans á Ísafirði verður 7. júní eða fyrsta mánudag eftir að skóla lýkur. Vinnuskólinn hefur ráðið til sín sjö flokkstjóra sem allir eru reyndir í starfinu og hafa nokkrir starfsreynslu frá vinnuskólum annars staðar á landinu.

Sumarið leggst vel í flokkstjórana að sögn Kristrúnar Helgu Ólafsdóttur, yfirflokkstjóra hjá vinnuskólanum. „Mér líst vel á starfið í sumar, þetta er allt duglegt og reynt fólk sem verður í forsvari“, segir Kristrún Helga. Vinnudagurinn verður sex stundir frá kl. 8-14 og geta unglingar frá 13-16 ára aldri sótt um vinnu en samkvæmt vinnulöggjöfinni mega 12 ára krakkar ekki vinna hjá vinnuskólanum eins og lengi tíðkaðist.

Bæklingum og eyðublöðum um starfsemi vinnuskólans verður dreift á meðal efstu bekkinga í grunnskólum Ísafjarðarbæjar.

– *thelma@bb.is*

HÚSEIGENDUR - GARÐEIGENDUR

ÁHALDALEIGA ÁGÚSTS & FLOSA LÉTTIR YKKUR STÖRFIN MEÐ RÉTTU VERKFÆRUNUM OG TRYGGIR GÓÐAN ÁRANGUR!

- KEÐJUSAGIR
- HEKKKLIPPUR
- GREINAKLIPPUR
- HJÓLBÖRUR
- TRJÁKURLARAR
- SLÁTTUORF
- GARÐHRÍFUR
- STUNGUSKÓFLUR
- MALARSKÓFLUR
- VINNUPALLAR
- VINNULYFTUR
- STEYPUHRÆRIVÉLAR
- HJÓLSAGIR
- KÚTTARAR
- RAFSTÖÐVAR
- JARÐVEGSÞJÖPPUR
- FLÍSASAGIR
- FLÍSASKERAR
- BORVÉLAR
- BROTVÉLAR
- GÓLFSLÍPIVÉLAR
- LOFTPRESSUR
- LOFTHEFTIBYSSUR
- HÁÞRÝSTIDÆLUR
- STIGAR
- FRAMLENGINGASNÚRUR
- DÚKALOSARAR
- SOGSKÁLAR

OG MARGT FLEIRA



Þarft þú að setja upp nýja girðingu eða lagfæra þá gömlu, þá er nýji stauraborinn rétta verkfærið



Áhaldaleigan er opin mánudaga til föstudaga kl. 8:00 - 12:30 og 13:00 - 17:00
Sími: 456 5500. (Kvöld- og helgarsími: 894 8630)

ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR
Látið fagmenn vinna verkið

Landsbankinn á Ísafirði 100 ára

Þröngt mega sáttir sitja. Brynjólfur Þór ásamt nokkrum af þrautreyndum starfsmönnum í útibúsins í bráðabirgðavinnuaðstöðu sem komið var upp á annarri hæð meðan endurbætur á afgreiðslusalnum stóðu yfir.

Útibú Landsbankans á Ísafirði fagnar 100 ára afmæli á laugardag en það var opnað 15. maí árið 1904 þegar Landsbanki Íslands yfirtók starfsemi Sparisjóðs Ísfirðinga. Sparisjóðurinn hafði starfað frá árinu 1876 og Þorvaldur Jónsson, læknir, tók við starfi útibússtjóra en hann hafði stjórnað sparisjóðnum frá öndverðu. Útibúið hóf starfsemi sína í húsnæði Sparisjóðs Ísfirðinga við Mánagötu 9, sem þá hét Bankagata, en Landsbankinn hefur verið til húsa á fimm stöðum í bænum. Núverandi útibússtjóri, Brynjólfur Þór Brynjólfsson, er sá 12. í röðinni og hefur gegnt starfinu frá 1995.

Brynjólfur segir að eins og gefi að skilja sé aldarlöng saga útibúsins viðburðarík enda hafi gengið á ýmsu í þjóðlífinu og atvinnumálum á Vestfjörðum á svo löngum tíma. Landsbanki Íslands var stofnaður árið 1885 og hóf starfsemi ári síðar. Brynjólfur segir til merkis um efnahagslegt mikilvægi Ísafjarðar í upphafi 20. aldarinnar að útibúið sé annað í röðinni af útibúum Landsbanks. Það fyrsta hafi verið opnað á Akureyri árið 1902 en mörg ár hafi liðið þar til fleiri útibú voru opnuð. Mesta fjölgunin hafi svo orðið á árunum milli 1970 og 1980 þegar fjölmörg útibú voru opnuð.

„Ísfirðingar hafa augun opin“

Árið 1918, eftir fjórtán ára starfsemi útibúsins við Bankagötu, flutti það í safnaðarhúsið Hebron við Sólgötu þar sem H-prent er nú til húsa. Skoski trúboðinn Nisbet lét byggja það en á síðari áratugum hefur það verið þekkt sem Góðtemplarahúsið. Enn flutti útibúið búferlum árið 1926 og þá í Stjörnuna við Pólgötu þar sem nú er íbúð. Árið 1924 var flutt í Aðalstræti 24, þann hluta sem er næst kaffihúsinu Langa Manga og loks árið 1958 flutti útibúið í Landsbankahúsið við Pólgötu 1 þar sem aðsetur þess er enn.

Landsbankahúsið var hannað af Guðjóni P. Samúelssyni og hefur jafnan þótt hin mesta bæjarprýði. Bygging þess hefur vafalítið verið stórvirki enda um afar glæsilegt hús að ræða. Sitt sýndist þó hverjum og meðan á framkvæmdunum stóð fékk Einar B. Ingvarsson, þáverandi útibússtjóri, orðsendingu frá góðborgara á Ísafirði sem leit málið gagnrýnum augum. „Eitthvað hlýtur rúmmeterinn í herlegheitunum að kosta“, sagði hann og kvittaði fyrir orðsendinguna með orðunum „Ísfirðingar hafa augun opin“.

Gífurleg auðæfi

Á 100 ára afmæli Landsbanka Íslands árið 1986 sagði Birgir Jónsson, þáverandi útibússtjóri, að sérkenni útibúsins væru hversu gífurleg auðæfi færu þar í gegn. „Hér á Vestfjörðum koma geysilega verðmæti á land. Hlutur Vestfirðinga í fiskveiðum og fiskiðnaði er afar stór ef miðað er við aðra landshluta.

Aftur á móti er sjávarútvegurinn í heild rekinn með tapi, þannig að fjármagnið fjarar undan okkur aftur.“

Mánagata 9, fyrsta aðsetur Landsbanka Íslands á Ísafirði og allt til 1918. Húsið var byggt árið 1897 fyrir starfsemi Sparisjóð Ísfirðinga. Eftir það nefndist gatan Bankagata. Þegar útibú Landsbankans á Ísafirði var stofnað árið 1904 tók það við öllu starfi sparisjóðsins og settist að í húsi hans.

Í frétt Bæjarins besta af sama tilefni er stuttlega gerð grein fyrir starfsemi útibúsins. „Nú starfa um 30 manns í Landsbankanum á Ísafirði. Hlutdeild hans í útlánum á vestanverðum Vestfjörðum er rétt um 50% á móti Útvegsbankanum og sparisjóðunum en í innlánum er hlutdeild hans tæp 40%. Þessi hlutföll hafa haldist svipuð undanfarin ár.“

Þrautreynt starfsfólk

Brynjólfur segir ljóst að Landsbankinn hafi gegnt þýðingarmiklu hlutverki í atvinnu- og framfaramálum á Ísafirði þau 100 ár sem bankinn hafi starfað í bænum. Lengi hafi bönkunum verið legið á hálsi að soga til sín fjármagn hringinn í kringum landið og færa til Reykjavíkur en þær fullyrðingar hafi ekki reynst á rökum byggðar. Þannig hafi innlán Landsbankans á Ísafirði lengst af verið um þriðjungur útlánanna og því nettó útstreymi fjár inn á svæðið.

Fyrst um sinn fór bankastarfsemin einungis fram á neðri hæð Landsbankahússins og bjó þá útibússtjórinn á efri hæðinni. Brynjólfur segir umfang starfseminnar hafa aukist mjög á árunum milli 1960 og 1980 og flestir hafi starfsmennirnir orðið 36. Þá lagði starfsemin undir sig efri hæðina og er svo enn í dag. Á árunum eftir 1980 hóf tölvutæknin innreið sína af fullum krafti og hefur því smám saman orðið minni mannaflaþörf í bankageiranum. Brynjólfur segir útibúið á Ísafirði eiga því láni að fagna að hafa ekki þurft að ráðast í eigin-

Árið 1918 fluttist Landsbankinn í safnaðarhúsið Hebron við Sólgötu eða Steypuhúsagötu eins og hún nefndist til 1926. Skoski trúboðinn Nisbet hafði látið byggja þetta hús. Á seinni áratugum hafa með þekkt húsið sem Góðtemplarahúsið og nú er H-prent þar til húsa.

legan niðurskuð með tilheyrandi uppsögnum heldur hafi sú stefna verið mörkuð að endurráða ekki í stað þeirra sem hætti. Starfsmenn útibúsins hafa mikla reynslu innan bankans og má sem dæmi nefna að útibússtjórinn sjálfur hóf störf í bankanum árið 1967 og að samanlagður starfsaldur núverandi starfsmanna útibúsins er 249 ár. Brynjólfur segir það enn til að auka á hagræðið í starfsemi útibúsins að starfsmennirnir séu þrautreyndir og því hafi það e.t.v. á að skipa færra starfsfólki miðað við umfang en víða annars staðar.

Aukna fjármálafræðslu

Sá tæpi áratugur síðan Brynjólfur tók við árið 1995 hefur verið tími hvað örastra breytinga innan bankakerfisins. Hömlum hefur verið lyft af fjármagnsflutningum og útlán aukist. Brynjólfur segir viðhorf hafa breyst mjög mikið á þeim tíma sem hann hafi starfað innan bankans. „Lengi vel var það hlutverk útibússtjóranna að standa á bremsunni, þá var úr takmörkuðu fé að spila og óhægt um vik að veita lán. Á þessu hefur orðið gjörbylting, nú er aðgengi að lánsfé mun betra og kom mörgum eldri mönnum mjög spánskt fyrir sjónir þegar farið var að bjóða fólki lán til ýmissa framkvæmda og fjárfestinga.“

Hann segir þó að landsmenn eigi ennþá eftir að ná fullum tökum á hinu nýfengna frelsi. „Við eigum t.d. langt í land varðandi fræðslu um fjármál fyrir ungt fólk. Þau mál þarf að skoða betur og finna stað m.a. innan skólakerfisins. Freystingarnar eru margar og frelsinu fylgir að það getur verið mjög auðvelt að láta undan þeim.“

Breyttir viðskiptahættir – breytt aðstaða

Undanfarna daga hafa staðið yfir miklar framkvæmdir í Landsbankahúsinu og verður afgreiðslusal á 1. hæð hússins m.a. gjörbreytt. Innréttingarnar sem hafa verið fjarlægðar hafa þjónað bankanum í allmörg ár og nú blasir við viðskiptavinum nýtt andlit Landsbankans á Ísafirði. Brynjólfur segir að þó vissulega hafi gömlu innréttingarnar staðið fyrir sínu geri breyttir viðskiptahættir kröfu um annars konar starfsaðstöðu.

„Þetta voru mjög fallegar innréttingar og ég er viss um að margir sjá eftir þeim en bankaþjónustan hefur einfaldlega verið að breytast og því þarf aðstaðan að taka mið af því. Nú er bankaþjónustan meira „maður á mann“ en áður var. Fólk vill fara til síns þjónustufulltrúa og ræða sín mál við hann í næði og því má segja að skipulagið í salnum hafi verið orðið barn síns tíma.“

Á næstu vikum og mánuðum fagnar útibúið tímamótunum og segir Brynjólfur ætlunina að beina sérstaklega athyglina að unga fólkinu. „Við ætlum að gera okkur dagamun og stefnum á bjóða til ýmissa skemmtilegra uppákoma í sumar“, sagði Brynjólfur Þór Brynjólfsson, 12. útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði.

Árið 1926 fluttist Landsbankinn í Pólgötu 10.

Eins og sjá má á þessum myndum hefur tízkan í skrifstofuhaldi breyst mikið á síðustu áratugum. Ef grannt er skoðað má greina öskubakka og platta með reyktóbaki.

Biðstofan fyrir utan bankastjóraskrifstofuna í Landsbankahúsinu í upprunalegri mynd. Vafalítið hafa margir beðið lengi eftir jákvæðu svari útibússtjórans því í þá daga var hlutverk þeirra að „standa á bremsunni“.

Landsbankinn fluttist í Aðalstræti 24, þann hluta sem er næst Langa Manga, árið 1934.

Fjórir fyrirrennara Brynjólfs Þórs í starfi útibússtjóra Landsbankans á Ísafirði. Einar B. Ingvarsson, Helgi Jónsson, Haraldur Valsteinsson og Birgir Jónsson.

Fjórir útibústjórar Landsbankans á Ísafirði.. Helgi Jónsson, Haraldur Valsteinsson, Birgir Jónsson og Brynjólfur Þór Brynjólfsson.

Gljáfægður afgreiðsludiskurinn í Landsbankahúsinu eins og hann leit út fyrstu árin.

Rammgerð og gljáfægð hurðin að peningageymslu Landsbankans á Ísafirði á fyrstu starfsárunum í Landsbankahúsinu við Pólgötu 1 sem var byggt árið 1958.

Starfsmenn Landsbankans á Ísafirði á fjörutíu ára afmæli útibúsins árið 1944. Margir þeirra áttu síðar eftir að gegna mikilvægum stöðum í starfsemi Landsbankans um allt land. Fremri röð: Kristján Torfason, bókari, og Guðjón E. Jónsson, gjaldkeri, þeir áttu báðir eftir að starfa í aðalbankanum í Reykjavík. Sigurjón Sigtryggsson, síðar aðstoðarbankastjóri og Kristján Jónsson, frá Garðstöðum. Efri röð: Haukur Benediktsson, Sveinn Elíasson, síðar útibússtjóri á Akranesi og Hvolsvelli, Hafsteinn O. Hannesson, síðar útibússtjóri á Eskifirði og í Grindavík og Guðný Matthíasdóttir, sem hefur lengst af verið búsett á Akranesi.

Það er ekki mitt að

–segir Rósamunda Baldursdóttir varðstjóri í lögreglunni á Ísafirði

Saga kvenlögregluþjóna nær aftur til fyrri hluta seinustu aldar. Til að byrja með var sérdeild innan lögregluliðsins tileinkuð konum og miðaðist starf þeirra að mestu leyti við umsjón kvenna sem teknar höfðu verið höndum, eftirlit með börnum og unglingum og fleira í þeim dúr. Síðan fyrsta konan hóf störf árið 1941, hefur margt breyst og vegur kvenna í lögreglunni farið vaxandi. Má til gamans geta að fyrsti háskólamenntaði lögregluþjónninn var einmitt kona. Fyrsti varðstjóri kvenlögreglunnar var Guðlaug Sverrisdóttir sem fékk þá stöðu 1975. Aldarfjórðungi seinna var Rósamunda Jóna Baldursdóttir fyrst kvenna á landsbyggðinni til að verða skipaður varðstjóri.

Rósamunda hefur mörgum skyldum að gegna. Þrátt fyrir langan vinnudag og mikið annríki fann hún samt tíma til að vera framkvæmdastjóri Fegurðarsamkeppni Vestfjarða og árangurinn varð einstaklega vel heppnuð keppni. Einnig er hún eigandi og þjálfari fíkniefnaleitarhundsins Dofra sem svo skemmtilega vill til að er fyrsti hundurinn sem lögreglan á Ísafirði fær til liðs við sig. Nú eru fjögur ár síðan Rósamunda var skipuð varðstjóri og því tilvalið að setjast niður með henni og spyrja hvað á daga hennar hafi drifið síðan þá.

Rósamunda tók á móti blaðamanni með bros á vör ásamt Dofra sem var jafn vinalegur og eigandinn. Háfætti hundurinn varð strax forvitinn eins og hann skynjaði að það ætti að fjalla um hann, fylgdi okkur eftir inn í stofu og vildi taka þátt í spjallinu. Gljásvartur og myndarlegur hundurinn reyndist draga að sér athygli blaðamannsins svo best var að Dofri biði frammi. Hann lötraði hlýðinn fram svo við Rósamunda gætum einbeitt okkur að viðtalinu.

Lífið í löggunni

– Hvernig er venjuleg vinnuvika hjá varðstjóra í lögreglunni.

„Unnar eru 12 tíma vaktir sem skiptast í dagvaktir og næturvaktir. Starfið krefst mikils af manni bæði líkamlega og andlega. Ég er mest megnis 2 á stöðinni, tek á móti fólki og sinni skýrslugerð. Fer með stjórn á vaktinni og sendi lögreglumenn í verkefni eftir því sem þarf. Þess á milli er haldið uppi almennu eftirliti, suma daga er áhersla lögð á sérstök verkefni eins og að huga að öryggi barna í bifreiðum, hvort stöðvunarskylda sér virt og fleira í þeim dúr .

Álagið er misjafnlega mikið eftir því hvað er á seyði í bænum og vissulega eru sumir tímar annasamari en aðrir. Páskar, sumartíminn og þegar líða fer að jólum og áramótum, þá er meira um að vera. Á sumrin eykst ferðamannastraumur til Vestfjarða og að sama skapi verður meiri umferðarþungi á þjóðvegum og það er oft sá tími sem umferðaslysum og óhöppum fjölgar, því miður. Sinna þarf þeim verkefnum sem koma upp, fara á vettvang kanna hvað hafi gerst og rannsaka málið eftir þörfum og að því loknu er pappírsvinnan eftir, því ljúka þarf skýrslum um öll þau mál sem upp koma, ekki er farið í útköll og setið svo þess á milli. Oft eftir langan vinnudag og erfið útköll getur verið þreytandi að þurfa að ljúka við pappírsvinnuna en það er hluti af starfinu og kemst fljótlega upp í vana, það er mun auðveldara nú en þegar ég byrjaði fyrst."

– Snýst lífið þá ekki bara um starfið? Er tími fyrir nokkuð annað með svona langan vinnudag?

„Já starfið er stór partur af lífinu en ég hef tíma til að gera aðra hluti enda fæ ég frídaga þess á milli. Ég er ekki að vinna 12 tíma á hverjum degi alla vikuna."

Ég dæmi engan

– Nú búum við í litlu bæjarfélagi þar sem allir þekkja alla, koma aldrei upp erfiðleikar er lögreglan þarf að sinna sínum skyldustörfum og taka á málunum?

„Það kemur fyrir að fólk er ósátt við afskipti lögreglu og áttar sig ekki á því að við erum að sinna starfinu og hegðun þeirra hefur orðið til þess að við þurfum að hafa af þeim afskipti. En flestir virða starf okkar og við reynum að sjálfsögðu að vera róleg og kurteis, vera ekki með nein læti þannig að allt gangi eins vel fyrir sig og hægt er. Ég reyni að passa mig á því að vera ekki að dæma fólk eftir því sem ég sé í starfinu, það er ekki mitt að dæma.

Það kemur fyrir að fólk hafi viljað ræða ýmis lögreglumál í frítíma manns en ég reyni bara að leiða það hjá mér og skipta um umræðuefni og ef fólk er að leita ráða eða þess háttar þá leiðbeinir maður þeim eftir bestu getu. Maður finnur það einnig hjá sumum að þeir eiga erfitt með að mæta mér á götu ef ég hef þurft að hafa afskipti af viðkomandi, það verður bara að hafa það. Sem betur fer gerist það nú ekki oft."

Allar hliðar mannlífsins

– Hverjir eru helstu kostir og gallar við starfið?

„Þetta er erfið spurning" segir Rósamunda hugsi. „Auðvitað fer það eftir dögum hversu skemmtilegt eða leiðinlegt er í vinnunni. En ég er að minnsta kosti ekki komin með leið á starfinu enn þó það geti verið misskemmtilegt og sumt eiginlega mjög leiðinlegt. Það er mjög skemmtilegt að takast á við spennandi verkefni og það endurlífgar áhugann í hvert sinn sem tækifæri gefst til að spreyta sig. Ég fæ oft að takast á við ögrandi verkefni og það heldur starfinu spennandi. Starfið snýst að mestu um mannleg samskipti. Það hefur sína kosti og galla enda fáum við að sjá allar hliðar á mannlífinu og oftast er það ánægjulegt. Það er góð tilfinning að geta hjálpað fólki og gert gagn en ekki er alltaf hægt að veita aðstoð og sum mál geta orðið mjög erfið. Stundum er það ekki í okkar verkahring, t.d þegar um einkamál er að ræða. Við verðum auðvitað að fylgja lögum og reglum og virða persónufrelsi annarra. Þetta er spurning um að læra að taka það ekki inn á sig, því auðvitað viljum við aðstoða borgarann. Ég veit að við í lögreglunni erum að gera góða hluti, og það yfirvegur það slæma sem maður sér í starfinu."

Dópið og Dofri

– Hvað varð til þess að þú varðst stoltur eigandi Dofra, eina fíkniefnaleitarhundsins á Vestfjörðum?

„Ég hef átt Dofra frá því að hann var hvolpur og hafði alltaf áhuga á að þjálfa hann upp í að vera fíkniefnaleitarhundur en þá var ekki þörf fyrir annan slíkan hund því hann var til staðar í Bolungarvík. Þegar þjálfari og hundurinn hættu greip ég tækifærið og óskaði eftir að fá að þjálfa Dofra. Lögreglustjórinn tók mjög vel í það og sótti eftir því við ríkislögreglustjóra að Dofri yrði þjálfaður.

Þjálfunin fór fram hjá yfirþjálfara sem er staðsettur hjá lögreglunni í Reykjavík og eftir þjálfunina fórum við í próf sem hann stóðst með mikilli prýði. Þetta var í fyrrasumar, síðan þá hefur hann verið notaður við fíkniefnaleit og við eftirlit. En það er mikil vinna að halda honum í þjálfun og einnig þarf hann að vera vel á sig kominn líkamlega þannig að hann þarf töluverða hreyfingu. Daglega þarf hann að fá góðan göngutúr og gott getur verið að fara með hann út úr bænum og leyfa honum að hlaupa. Dofri er 3 ára af Labrador kyni en sú tegund hunda hentar vel til slíkrar þjálfunar því þeir hafa mjög næmt þefskyn. Annars er hægt að nota flestar hundategundir en Dofri er mjög þægilegur og rólegur og að auki duglegur og iðinn við vinnu sína."

Lögreglan og ungfrú Vestfirðir

– Hvernig kom það til að lögreglumaður gerðist framkvæmdastjóri Fegurðarsamkeppni Vestfjarða.

„Gróa Böðvarsdóttir hafði samband við og bað mig um að taka þetta að mér. Ég hef einkaþjálfarapróf og hef leiðbeint við líkamsrækt og kann því að hvetja fólk áfram. Ég býst við að það hafi eitthvað að gera með það að Gróa spurði mig að því hvort ég væri til í að taka þetta að mér. Eftir dálitla umhugsun sló ég til og sé alls ekki eftir því. Þó að mikill tími hafi farið í þetta að þá var þetta mjög skemmtilegt.

Ég lít reyndar ekki á að þetta komi því við að ég sé lögreglumaður, ég á mín vaktarfrí og get notað þau til að sinna ýmsum hlutum. Þannig að maður reyndi að skipuleggja þá daga

dæma

sem maður var í vaktarfríum til að sinna þessu og annars hittumst við á æfingum á kvöldin eftir að ég hafði lokið minni vinnu.

Ég stóð nú samt ekki í þessu ein það voru heilmargir sem komu að undirbúningnum og allir tilbúnir að rétta fram hjálparhönd. Töluvert álag var á stúlkunum, því það þarf mikinn undirbúning fyrir svona viðburð og það voru margir fyrir utan mig sem studdu þær í því. Helga Salóme Ingimarsdóttir sá um kenna stúlkunum að ganga á háum hælum og gerði það með stakri prýði en hún veit að eigin raun um hvað málið snýst því sjálf tók hún þátt í fegurðarsamkeppni Vestfjarða árið 1995. Eins fékk ég góða aðstoð frá Pálfríði Vilhjálmsdóttur sem hefur séð um síðustu keppnir. Stúlkurnar stunduðu líkamsræktina í Stúdíó Dan og það voru ófáar stundirnar sem þær vörðu í líkamsrækt.

Hægt er að segja að allir sem áttu einhvern hlut í máli voru hreint út sagt frábærir. Skemmtiatriðin voru öll hér að vestan, Ingvar Alfreðsson og Halldór Gunnar Pálsson sáu um tónlist, Gospel gaurar sáu um undirspil hjá Sunnevu Sigurðardóttur sigurvegara í söngvakeppni Vesfjarða sem söng nokkur lög. Þau Telma Kristinsdóttir og Oddur Elíasson sungu atriði úr söngleiknum Gretti sem Menntaskólinn setti upp í vetur. Það er frábært að eiga svona mikið af hæfileikaríku ungu fólki sem er til í að taka þátt í að gera svona dagskrá mögulega. Rúnar Rafnsson fékk mikið lof sem veislustjóri og Sigþór Sigurðsson sá um matseldina og var maturinn hreint frábær. Kvöldið var í alla staði vel heppnað þrátt fyrir smá tafir á milli atriða.

Mjög auðvelt var að finna stúlkur í keppnina í ár. Það eru svo margar fallegar stúlkur hér á Vestfjörðum að þó þær væru óvenju margar í keppninni hefði ég vel getað hugsað mér að biðja fleiri um að taka þátt. Dómnefndinni leist það vel á þær að ákveðið var að senda þrjár stúlkur í ungfrú Ísland sem fer fram 29. mai n.k. en aðeins einu sinni áður hafa tvær stúlkur farið héðan í þá keppni en þetta er í fyrsta sinn sem Vestfirðir senda þrjá fulltrúa. Þetta var því mjög spennandi og stúlkurnar vissu ekki fyrr en komið var að krýningunni að tvö sæti til viðbótar væru í boði. Ég er afar stolt af öllum stúlkunum og er handviss um að þær Margrét Magnúsdóttir, Ólafía Kristjánsdóttir og Anna Birta Tryggvadóttir verða okkur til mikils sóma í keppninni um titilinn Ungfrú Ísland og nú höfum við Vestfirðingar þrefalt meiri möguleika á að vinna þar titla."

Á að endurtaka leikinn?

– Er hlutverki þínu nú lokið eða munt þú taka að þér skipulagningu er kemur að næstu keppni um ungfrú Vestfirðir?

„Ég hugsa að ég væri alveg til í það. Það fer sjálfsagt eftir því hvað maður verður að gera þegar að því kemur eða hvort maður hafi nægan tíma til að sjá um keppnina aftur. Ég er nú ekki alveg tilbúin að sleppa takinu af stúlkunum og reyni að vera þeim til stuðnings þar til þær fara suður og að sjálfsögðu ætla ég að fara á keppnina þegar þar að kemur og hvetja mínar stúlkur áfram. Einnig er það mjög gott fyrir þær að fara þrjár saman því þær fá stuðning frá hver annarri.

„Ungfrú Ísland" verður haldin 29. maí á Broadway og verður sjónvarpað beint á Skjá einum. Reyndar er tímasetningin óheppileg að því leytinu til að stúlkurnar eru allar í námi við Menntaskólann á Ísafirði og prófin eru í maí en það mun sjálfsagt bjargast á einhvern hátt."

Konur í karlaveldi

– Er ekki erfitt að vera kona og varðstjóri í því karlaveldi sem lögreglan er?

„Nei mér finnst það yfirleitt ekki, reyndar spái ég ekki mikið í það. Við konurnar höfum oft verið í minnihluta. Sumarið 2002 vorum við fjórar í liðinu á sama tíma. Það ráku margir upp stór augu þegar tvær konur stigu út úr lögreglubílnum, segir Rósamunda og brosir út í annað. Ég hef reyndar þá skoðun að það skipti ekki máli hvort að það sé karl eða kona sem vinnur verkefnin svo lengi sem hægt er að treysta einstaklingnum og að hann standi sig vel og sinni vinnunni, hvaða máli skiptir þá af hvaða kyni einstaklingurinn er? Við horfum oft alltof mikið, á karlar þetta og konur hitt, það getur farið í taugarnar á mér. Ég veit samt sem áður að ég get verið remba líka. En við höfum öll val og getum ákveðið hvaða stefnu líf okkar tekur, því engin nema við sjálf sem berum ábyrgðina á okkur sjálfum. Ég vandist því strax í uppvextinum að fylgjast með móður minni sem var og er mjög dugleg kona og mér hefur alltaf fundist hún geta leyst flesta hluti, lét okkur gera hlutina sjálfar svo við lærðum þá. Þetta gengur kannski stundum fulllangt hjá mér því ég get átt erfitt með að þiggja aðstoð.

„Eins og stendur eru tvær konur í lögregluliðinu. Samstarfskona mín, Anna Lára Guðmundsdóttir er lögregluskólagengin og er það í fyrsta sinn svo ég viti til að tvær útskrifaðar lögreglukonur starfa við embættið samtímis hér á Ísafirði. Að minnsta kosti í fyrsta sinn í mörg ár. Ég nú ekki hversu mikið karlaveldi lögreglan hér á Ísafirði er. Því Lögreglustjórinn er kona, Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Flugslysaæfing og umferðarskóli

– Hvað er framundan? Þarft þú ekki að taka þér frí eftir allt annríkið?

„Það á vel við mig að vera önnum kafin og hafa nóg að gera. Nú er nýafstaðin flugslysaæfing á flugvellinum á Ísafirði. Að æfingunni komu auk lögreglu, sjúkra- og slökkviliið, björgunarsveitir, sjúkrahúsið, flugmálastjórn, Rauði krossinn, Ísafjarðarbær og fleiri og ekki má gleyma „sérfræðingunum að sunnan" eins og þeir eru kallaðir og þá oft af þeim sjálfum, skammstafað SAS. Það voru fleiri sem komu að þessu, það þarf mannskap til að leika slasaða, aðstandendur og fleira. Jafn umfangsmikil flugslysaæfing var haldin á Ísafirði haustið 1999. Á svona æfingu er sett á svið flugslys á Fokker 50 farþegaflugvél og reynt er að hafa atburðarrásina eins raunverulega og hægt er. Svona æfing er frábært tækifæri til að æfa viðbrögð þeirra sem þurfa að bregðast skjótt við.

Um miðjan maí ætlum við hjá lögreglunni, í samstarfi við leikskólana í Ísafjarðarbæ að vera með umferðarskóla fyrir elstu börnin í leikskóla. Við munum hitta þau klukkustund á dag í 5 daga og verður farið í fleiri þætti í fræðslunni en gert hefur verið áður. Meðal annars verður farið í vettfangsferðir og ýmislegt gert til kenna börnunum hvernig rétt er að haga sér í umferðinni. Áður hafa þetta verið stuttar heimsóknir til barnanna í leikskólanum og svo höfum við heimsótt þau í grunnskólann og verið með fræðslu. Spennandi verður að sjá hvernig nýja fyrirkomulagið gengur og vonandi verður árangurinn það góður að hægt sé að halda þessu áfram í framtíðinni. Það er von mín að þegar börnin fá heila viku undir umferðarfræðslu læri þau meira, fari heim og hugsi um hlutina, koma jafnvel með spurningar daginn eftir. Ég held að þetta fyrirkomulag muni gefa góða raun og hlakka til að sjá hvernig gengur. Það er alltaf sérstaklega gaman að fá börnin í heimsókn sem og að fara til þeirra" segir Rósamunda glaðlega og auðvelt er að ímynda sér að börnunum þyki alveg jafn gaman að fá þennan hógværa frumherja okkar Vestfirðinga í heimsókn til sín.

– thelma@bb.is

Rósamunda Baldursdóttir, varðstjóri í lögreglunni á Ísafirði inni í einum af fangaklefum lögreglunnar.

Tæplega 300 þúsund króna tap varð á rekstri KFÍ á síðasta starfsári

Guðjón kjörinn formaður

Á aðalfundi Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar sem haldinn var fyrir stuttu var Guðjón Þorsteinsson kjörinn formaður félagsins í stað Jóns Kristmannssonar sem gegnt hefur formannsembættinu í 10 ár. Fyrir í stjórn voru þau Eygló Jónsdóttir, Torfi Jóhannsson og Ingólfur Þorleifsson og voru þau endurkjörin. Þá var Helgi Sigmundsson kjörinn í stjórnina í stað Halldórs Sveinbjörnssonar sem lætur nú af störfum í stjórninni eftir setu þar í aldarfjórðung.

Má því segja að viss tímamót hafi orðið í starfi KFÍ þegar Halldór lætur af störfum. Ekki fer hann þó langt því hann hefur tekið að sér formennsku í húsnefnd KFÍ en sú stjórn sér um undirbúning fyrir heimaleiki félagsins á Ísafirði. Einnig hvarf úr stjórn KFÍ Guðni Ó. Guðnason en hann hefur tekið við starfi formanns unglingaráðs félagsins.

Á fundinum voru lagðir fram reikningar KFÍ fyrir árið 2003. Í þeim kom fram að tap varð á rekstri félagsins að upphæð 274 þúsund krónur. Samtals voru tekjur félagsins á árinu tæpar 10 milljónir króna. Þær skiptast þannig að auglýsingatekjur námu 3,7 milljónum króna, tekjur af mótum voru 1,5 milljónir, framlög og styrkir námu 1,6 milljónum og aðrar tekjur voru um 3 milljónir króna.

Rekstrargjöld félagsins voru tæpar 9,7 milljónir króna. Þau skiptast þannig að yfirstjórn félagsins kostaði 400 þúsundir króna, þjálfun og kennsla kostaði tæpar 3 milljónir, íþróttaleg viðskipti kostuðu tæpar 4,5 milljónir og önnur gjöld voru 1,8 milljónir. Vaxtagjöld félagsins námu 556 þúsundum króna á árinu.

Þá var einnig lagður fram ársreikningur unglingaráðs félagsins. Tap varð á rekstri þess um 11 þúsundir króna. Heildartekjur ráðsins voru 744 þúsund krónur sem skiptust þannig að æfingagjöld námu 662 þúsundum og tekjur af fjáröflunum voru 82 þúsund krónur. Í þjálfun og kennslu var varið 722 þúsundum og vaxtagreiðslur ráðsins voru 34 þúsund krónur.

Hin nýkjörna stjórn KFÍ mun skipta með sér verkum á sínum fyrsta fundi.

– hj@bb.is

Héraðssamband Vestfirðinga

Gunnar ráðinn framkvæmdastjóri

Gunnar Þórðarson á Ísafirði hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga. Gengið var frá ráðningunni á fundi stjórnar í síðustu viku. „Mér líst mjög vel á starfið og ég held að verkefnin sem eru framundan verði mjög skemmtileg“, sagði Gunnar. Í hlut framkvæmdastjórans koma m.a tengsl við fjölmiðla og almenning, að leiða stefnumótun félagsins og annast þau verkefni sem stjórn HSV tekur að sér.

Gunnar Þórðarson, nýráðinn framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga.

Ingi Þór Ágústsson, formaður HSV, segir miklar vonir bundnar við nýja framkvæmdastjórann og hvetur alla sem þurfa að koma málum sínum á framfæri við sambandið að hafa samband annað hvort við formann eða framkvæmdastjóra HSV.

Næsta verkefni hjá HSV er að vinna að undirbúningi unglingalandsmóts og landsmóts UMFÍ eða „stóra landsmótsins“ eins og það hefur verið kallað en mótin verða haldin á Sauðárkróki í sumar. Gunnar er að ljúka námi í rekstrarfræði frá Háskólanum á Akureyri og hefur unnið við fjölbreytileg störf í gegnum tíðina m.a fyrir Skíðafélag Ísfirðinga og við unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Ísafirði í fyrra.

– thelma@bb.is

Hafnir Ísafjarðarbæjar

Taka upp farþegagjald á næsta ári

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að með nýjum hafnalögum sem tóku gildi á síðasta ári hafi opnast möguleiki á gjaldtöku á ferðamenn. Sú gjaldtaka geti hafist 1. júlí í sumar þegar aðlögunartíma laganna ljúki en þar sem sú dagsetning sé á miðju ferðamannatímabili sé ekki sanngjarnt að taka gjaldið upp á þessu ári.

„Ég tel hinsvegar fullvíst að nýtt gjald verði tekið upp á næsta ári á þeim höfnum sem ferðamenn fara hvað mest um“, sagði Guðmundur en treysti sér ekki til þess að segja til um hversu hátt þetta gjald þyrfti að vera.

Á undanförnum árum hefur mikil umræða farið fram innan Hafnasambands sveitarfélaga með hvaða hætti væri hægt að tryggja eðlilegt samræmi í gjaldtöku af þeim sem þjónustu hafnanna njóta.

Guðmundur M. Kristjánsson.

Sú umræða hefur þyngst eftir að tekjur margra hafna minnkuðu í kjölfar brotthvarfs aflaheimilda eins og gerst hefur á Ísafirði. Margar hugmyndir hafa skotið upp kollinum um mögulegar gjaldtökuleiðir af ferðamannaflutningum. Flestir staldra við þá hugmynd að greitt verði ákveðið gjald af hverjum ferðamanni sem með bátunum fara. Það er svipuð aðferð og notuð er á flugvöllum þar sem innheimtur er flugvallarskattur á hvern farþega sem um vellina fara. ***– hj@bb.is***

Fjölmenningarsetrið og Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar

Skólareglur færðar í myndrænan búning

Fjölmenningarsetrið á Ísafirði hefur í samstarfi við Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar þróað nýjan bækling sem auðveldar börnum af erlendu bergi að byrja í skóla á Íslandi óháð skilningi á íslensku. Í bæklingnum fjallað um almennar reglur sem gilda í skólum á myndrænan hátt og var tekið mið af skólareglum alls staðar af landinu. Þó bæklingurinn hafi upprunalega verið hugsaður sem hjálpartæki barna sem skilja ekki íslensku er víst að hann getur einnig nýst öðrum nemendum.

Elsa Arnardóttir, hjá Fjölmenningarsetrinu og Jónína Emilsdóttur, hjá Skóla- og fjölskylduskrifstofu, stýrðu verkefninu sem naut tilstyrks Þróunarsjóðs grunnskóla. Myndræn úrvinnsla var í höndum Högna Sigurþórssonar, myndhöggvara. Áhugasömum er bent á að hægt er að panta bæklinginn í Fjölmenningarsetrinu og kostar eintakið 80 kr.

Útgáfa bæklingsins er hugsuð sem tilraunaútgáfa og er óskað eftir allar athugasemdir verði sendar til Fjölmenningarsetursins.

– thelma@bb.is

Stjórn og varastjórn Félags Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs á Vestfjörðum

Fagna ályktun prestastefnu

Stjórn og varastjórn Félags Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs á Vestfjörðum fagnar ályktun frá nýlokinni Prestastefnu um stöðugan stríðsrekstur vestrænna þjóða. Í tilkynningu frá stjórninni segir m.a.: „Slík ályktun fá kirkjunnar mönnum hlýtur að auka tiltrú hins almenna borgara á einlægni þeirra við siðferðis- og friðarboðun í anda kristinnar kirkju og gefur vonir um að hún hafi vilja til að standa undir nafni og geti því eflst og dafnað sjálfri sér samkvæm.

Hitt er harmað að ekki skuli hafa ríkt einhugur í þessum hópi drottins erindreka. Það sýnir að hempan ein tryggir ekki að trúin sé mest á þann sem þeir gefa sig út fyrir að þjóna. Trúin á vopnin og vopnaskakara heimsins, innlenda og erlenda, virðist þeim öllu tamari.

Hér skal ekki dregið úr því að í þeim stríðshrjáðu löndum sem hér um ræðir hefur engu tilfelli ríkt eðlilegur friður þegar aðrar þjóðir komu þar við sögu með eftirminnilegum hætti, en undantekning er að vopnuð afskipti hafi verið verjandi. Slík afskipti ættu því aðeins að koma til greina að einhugur ríkti þar um meðal Sameinaðra þjóða. Sameiginleg afstaða innan þeirrar stofnunar ætti að tryggja að annarlegir hagsmunir einstakra þjóða og einræðisherra réðu ekki ferð herja og drápstóla.

Enginn kemst hjá því að taka afstöðu þegar hinir raunverulegu morðingjar skipa herjum sínum að fara fara vítt um völl í nafni lýðræðis og frelsis til að drepa, pynta og eyðileggja um leið möguleika til lífsafkomu þeirra sem eftir kunna að lifa. Enginn ætti heldur að ganga þess dulinn að notkun vígvéla, manndráp og stórfellt eignatjón í þessum fátæku löndum bætir ekki heiminn, dregur ekki úr hatri né jafnar misrétti.

Enginn maður með boðskap krists að leiðarljósi getur annað en harmað þau látlausu manndráp sem vissar þjóðir stunda, m.a. með þeim afleiðingum að þeirra eigin þegnar búa við stöðugt aukinn ótta um vaxandi hefndaraðgerðir þeirra sem misst hafa allt sitt, land vini og fjölskyldur. Okkar æðstu menn hafa dregið íslenska þjóð að þeirri vá,“segir í ályktun Félags Vinstrihreyfingarinnar á Vestfjörðum.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Laus störf

Svæðisskrifstofan óskar eftir þroskaþjálfum og stuðningsfulltrúum í eftirfarandi störf á Ísafirði:

Sambýli: Sumarafleysing/vaktavinna í 65% starfi frá 1. júní til loka ágúst.

Hæfingarstöð: Sumarafleysing/dagvinna í 100% starfi frá 1. júní til loka ágúst.

Frekari liðveisla: Sumarafleysing/dagvinna í 60% starfi frá 1. júní til loka ágúst.

Skammtímavistun: Sumarafleysing og framtíðarstarf/vaktavinna. Um er að ræða 15-75% störf til lengri og skemmri tíma.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á Svæðisskrifstofunni, Hafnarstræti 1, Ísafirði og eiga umsóknir að berast á það heimilisfang. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 456 5224.

Umsóknarfrestur er til 19. maí 2004. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Stórslysaæfingin á Ísafjarðarflugvelli tókst vel

Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði segir stórslysaæfingu sem haldin var á Ísafirði á laugardag hafa tekist mjög vel. „Með æfingum sem þessum erum við að reyna að finna veika punkta í kerfinu okkar . Á næstu dögum verður farið yfir hlutina frá A til Ö og skýrslu um æfinguna verður lokið fyrir 1.júní. Í framhaldinu verður bætt úr þeim hlutum sem menn telja að betur megi fara“, sagði Önundur. Atburðarás var á þann veg um hádegi flugu saman lítil einkaflugvél og Fokkerflugvél skammt undan Norðurtanganum á Ísafirði. Flugmönnum Fokkervélarinnar tókst að fljúga henni inná flugbrautina á Ísafjarðarflugvelli þar sem hún brotlenti og eldur braust út í nokkrum hlutum flaksins. Aðkoman á flugvellinum var skelfileg. Hlutar úr flugvélinni höfðu dreifst víða svo og farþegar. Tugir farþega auk áhafnar lágu því stórslasaðir á vellinum og í nágrenni hans. Því var ekki létt verk sem beið björgunar og hjúkrunarfólks. Um þrjúhundruð manns voru kallaðir út til björgunarstarfa vegna þessa sviðsetta flugslyss auk um 70 manns sem tóku að sér að leika slasað fólk. Að auki var miðstöð almannavarna í Reykjavík mönnuð og þyrla Landhelgisgæslunnar kom vestur til aðstoðar. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson tók einnig þátt í æfingunni. Meðfylgjandi myndir tók Páll Önundarson.

– hj@bb.is

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Símavarsla

Óskum að ráða starfsmann í sumarafleysingu í símavörslu frá 1. júní - 30. ágúst. Þarf að vera ábyrgur og stundvís og orðinn 20 ára. Tölvukunnátta nauðsynleg.

Upplýsingar gefur Sigrún C. Halldórsdóttir skrifstofustjóri í síma 450 4500. Umsóknareyðublöð eru í afgreiðslu HSÍ og einnig er bent á heimasíðu www.fsi.is - laus störf.

Uppkaup húseigna á snjóflóðahættusvæði við Árvelli í Hnífsdal

Einstaklingar gangi fyrir við uppkaup

Ísafjarðarbær hefur óskað eftir því við Ofanflóðasjóð að farið verði í uppkaup á húsum á snjóflóðahættusvæði við Árvelli í Hnífsdal hið fyrsta. Þrjár eignir af tuttugu eru í eigu annarra en Ísafjarðarbæjar og hefur Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, óskað eftir því við Ofanflóðasjóð að ferli uppkaupanna snúi fyrst að eignum einstaklinga og síðan að eignum Ísafjarðarbæjar.

Fyrir tæpum áratug var ákveðið að kaupa upp 12 hús í Teigahverfi og annars staðar í nágrenni Árvalla. Halldór segir í bréfi sínu að íbúum við Árvelli hafi þótt óeðlilegt að skilja eftir tvö einbýlishús, raðhús og blokk, eins og gert var.

„Uppkaup hófust fyrir tæpum áratug og er úr því sem komið er skásti kosturinn að ljúka þeim. Skal þó tekið fram að stefna bæjarstjórnar er að öllu jöfnu sú að verja byggð á snjóflóðahættusvæðum en ekki leggja hana af. Skal litið á aðstæður við Árvelli sem sérstakar og byggist afstaða bæjarins á því“, segir í bréfi bæjarstjóra til Ofanflóðasjóðs.

Fulltrúar Ísafjarðarbæjar við matsferlið eru Tryggvi Guðmundsson og Björn Jóhannesson á Ísafirði. Eins og fram hefur komið var niðurstaða frumathugunar VST á vörnum fyrir byggðina sú að þær væru mun dýrari en uppkaup.

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða á Reykhólum

Aðgengi ferðafólks að eldsneyti verði auðveldað

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða sem haldinn var á Reykhólum um fyrir stuttu samþykkti að beina þeim tilmælum til olíufélaga, Ferðamálaráðs og Samtaka ferðaþjónustunnar að auðvelda aðgengi ferðafólks að eldsneyti. „Ferðaþjónar á Vestfjörðum hafa orðið varir við verulega óánægju á meðal ferðamanna með þá skerðingu á þjónustu að á flestum eldsneytissölustöðum er eingöngu hægt að greiða með kortum“, segir í ályktuninni.

Fundurinn beindi þeim tilmælum til sveitarfélaga á Vestfjörðum og samgönguráðuneytisins að stuðla að bættum almenningssamgöngum, sérstaklega áætlanabifreiða, innan fjórðungsins. Einnig var skorað á Fjórðungssamband Vestfirðinga og sveitarfélög á Vestfjörðum að beita sér fyrir því að bæta salernisaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis á Vestfjörðum.

Þá var samþykkt að leggja áherslu á að sveitarfélög og ferðaþjónar á Vestfjörðum samhæfðu betur krafta sína til markaðssetningar fjórðungsins sem einnar heildar. Auk venjubundinna aðalfundarstarfa flutti fjöldi fyrirlesara erindi á fundinum og ýmis stór ferðamálaverkefni á Vestfjörðum voru kynnt.

Formaður stjórnar Ferðamálasamtakanna er Jóhann Ásmundsson, hjá Minjasafni Egils Ólafssonar. Aðrir í stjórn eru Arnar Jónsson, upplýsingamiðstöðinni á Hólmavík, Áslaug S. Alfreðsdóttir, Hótel Ísafirði, Sævar Pálsson, Hótel Flókalundi, Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri á Reykhólum, Jóna Benediktsdóttir, Hornströndum ehf., og Jörgína Jónsdóttir, Dalbæ.

Ferðamálasamtök Vestfjarða vilja að aðgengi ferðafólks að eldsneyti verði bætt. Hér sést bensínstöðin á Ísafirði.

ferðir um Vestfirði

Í ár eru liðin 10 ár frá því ferðablaðið Á ferð um Vestfirði kom fyrst út. Blaðinu hefur verið dreift ókeypis um land allt og verður engin breyting þar á í ár.Líkt og fyrr verður blaðið, sem kemur út í byrjun júní, allt litprentað og yfirfullt af fréttum og fróðleik um ferðamál í fjórðungnum. Blaðið er kjörinn vettvangur til að koma á framfæri upplýsingum um allt sem er að gerast í ferðamálum á Vestfjörðum sumarið 2004.

Auglýsendum sem vilja tryggja sér pláss í blaðinu er bent á að hafa samband við Sigurjón í síma 456 4560, bb@bb.is. Þeir sem vilja koma efni á framfæri er bent á að hafa samband við Hlyn Þór Magnússon, 456 7322, hlynur@snerpa.is

Björgunarfélag Ísafjarðar

Reisir nýtt neyðarskýli í Hlöðuvík

Nýtt björgunarskýli verður reist í Hlöðuvík í sumar og önnur skýli í eigu Björgunarfélags Ísafjarðar verða endurbætt segir formaður Björgunarfélags Ísafjarðar í kjölfar umræðu um ástand björgunarskýla á Vestfjörðum á bb.is í síðustu viku. Þá sagði Kristbjörn Óli Guðmundsson framkvæmdastjóri Landsbjargar að björgunarskýli væru nú í eigu björgunarfélaga á hverjum stað. Viðhald skýlanna og endurbygging væri því á ábyrgð félaganna en áður var ábyrgðin á höndum Slysavarnarfélags Íslands.

Björgunarfélag Ísafjarðar á og rekur þrjú skýli í Hlöðuvík, Hornvík og Fljótavík auk þess sem kvennadeild félagsins á skýli á Steingrímsfjarðarheiði. Jóhann Ólafson, formaður Björgunarfélags Ísafjarðar, segir að breyting á eignarhaldi skýlanna hafi tekið langan tíma og því hafi hans félag ákveðið að fara sér hægt í málinu þar til endanleg niðurstaða lægi fyrir. Nú væru þau mál hinsvegar komin á hreint og því hefði hans fólk hafist handa við þetta verkefni. Jóhann segir nýtt skýli í Hlöðuvík í undirbúningi og það muni vonandi rísa í sumar.

„Við höfum verið að skoða málin í Hlöðuvík að undanförnu í samvinnu við landeigendur og viljum haga uppbyggingunni í sem mestri sátt við landeigendur á hverjum stað“, sagði Jóhann. Skýlið mun að öllum líkindum verða með svefnaðstöðu fyrir 8-10 manns. Þar verður hreinlætisaðstaða með sérinngangi en með því er verið að horfa til þarfa ferðafólks á svæðinu. Jóhann segir skýlið í Hornvík vera nýlegt og í góðu standi. Sömu sögu er að segja um skýlið á Steingrímsfjarðarheiði. Hinsvegar þurfi að bæta loftræstingu í þeim og það verði gert í sumar. Að þessum verkefnum loknum segir Jóhann að hafist verði handa við uppbyggingu skýlis í Fljótavík.

Björgunarskýlin á Hornströndum hafa í gegnum tíðina verið mikið notuð af ferðamönnum og hefur umgengni verið misjöfn. Jóhann segist ekkert sjá athugavert við það að ferðamenn noti skýlin svo fremi að þeir gangi vel um. „Við höfum verið með það til skoðunar að koma betra skipulagi á notkun skýlanna og gefa ferðamönnum kost á því að styrkja rekstur þeirra í staðinn en með hvaða hætti það verður gert er ekki frágengið“, sagði Jóhann.

– hj@bb.is

Ísafjarðarbær, Vegagerðin og Hlaðbær-Colas ehf.

Samningar um malbikun við Djúp undirritaðir

Fyrir stuttu voru undirritaðir verksamningar milli Hlaðbæjar-Colas hf. annarsvegar og Vegagerðarinnar og Ísafjarðarbæjar hinsvegar um malbikun á norðanverðum Vestfjörðum í sumar. Samningurinn var gerður að loknu útboði þar sem tilboð Hlaðbæjar-Colas hf. var lægst. Í samningnum er gert ráð fyrir að framleiða og leggja um 8.000 tonn af malbiki og gerir þetta mikla magn fyrirtækinu kleift að flytja malbikunarstöð til Ísafjarðar og vinna verkið þannig á sem hagkvæmastan hátt. Nýtt malbik verður lagt á Skutulsfjarðarbraut og einnig götur og plön á Ísafirði, Bolungarvík, Súðavík og Flateyri.

Sigþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hlaðbæjar-Colas hf., segir að hafist verði handa við verkið í síðari hluta júní og það taki rúman mánuð. Hann segir að flutt verði ný malbikunarstöð til Ísafjarðar sem búin sé besta mengunarvarnarbúnaði sem völ er á. Stöðin verður sett upp neðan Sundahafnar.

Sigþór segir það mikið ánægjuefni að hefja störf á Ísafirði að nýju en síðast var fyrirtækið með malbikunarstöð í bænum sumarið 1996 og fram á sumar 1997. Voru þá m.a. Vestfjarðagöngin malbikuð auk þess sem fjölmörg sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar létu malbika. Fyrirtækið mun einnig taka að sér minni verkefni nú eins og síðast.

Til malbiksgerðarinnar að þessu sinni verða flutt inn um 11 þúsund tonn af norsku graníti, svokallað Durasplitt sem er mjög ljóst steinefni og mjög slitsterkt að sögn Sigþórs.

– hj@bb.is

Samningar um malbikun undirritaðir. F.v. Guðmundur Rafn Kristjánsson, tæknifræðingur hjá Vegagerðinni, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Sigþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hlaðbæjar-Colar hf., og Gísli Eiríksson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar.

Ísafjarðarbær

Ársreikningurinn tefst

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar hefur ekki verið lagður fram þrátt fyrir að í sveitarstjórnarlögum segi að ársreikningur sveitarfélags skuli fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir apríl lok.

Jafnframt segir í lögum að afgreiðslu reikningsins skuli lokið eigi síðar en 1. júní og honum skuli skila ári tuðum til félagsmálaráðuneytis og Hagstofu fyrir 15. júní ár hvert.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri segir að vegna upptöku nýs bókhaldskerfis hafi vinna við gerð ársreikningsins tafist. Hinsvegar sé stefnt að því að leggja hann fram í bæjarstjórn síðar í þessum mánuði og skila honum til ráðuneytis og Hagstofu á réttum tíma. *– hj@bb.is*

Upplýsingamiðstöðin á Ísafirði er í Edinborgarhúsinu.

Upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði

Fær aukið fjármagn

Ferðamálaráð ákvað fyrir stuttu að auka framlag sitt til upplýsingarmiðstöðvar ferðamála á Ísafirði um nær helming og nemur það því 2,5 milljónum króna í ár. Ákveðið verður á næstu dögum hvernig fénu verði best varið, að sögn Rúnars Óla Karlssonar, ferðamálafulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Hann segir að m.a. þurfi að huga að útgáfu þjónustuhandbókar og bæklinga til að dreifa á vestfirska ferðastaði, útbúa og viðhalda atburðadagatali á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og mörgu fleiru sem ekki hafi gefist tími til áður. „Þetta er búin að vera löng barátta fyrir auknu fjármagni og í ár tókst það," segir Rúnar og er ánægður með afraksturinn.

Upplýsingarmiðstöðin á Ísafirði er ein af níu svökölluðum landshluta-miðstöðvum sem veita upplýsingar.

– thelma@bb.is

Uppgræðsla snjóflóðavarnargarðs við Seljaland

Ásel á Ísafirði bauð lægst

Verktakafyrirtækið Ásel á Ísafirði átti lægsta boðið í uppgræðslu á snjóflóðavarnargarði undir Seljalandsmúla í Skutulsfirði. Þrjú tilboð bárust og voru þau opnuð hjá Ríkiskaupum í síðustu viku.

Ásel bauð kr. 17.544.300 eða 70,6% af kostnaðaráætlun verkkaupa sem hljóðaði upp á kr. 24.836.500. Næst lægsta boðið áttu Hólmar Guðmundsson í Mosfellsbæ og Jarðkraftur ehf. í Kópavogi en það hljóðaði upp á kr. 19.062.250 eða 76,7% af kostnaðaráætlun. Þá buðu Vesturvélar ehf. í Súðavík kr. 24.979.525 sem er um hálfu prósentustigi yfir kostnaðaráætlun.

Um er að ræða uppgræðslu á 650 metra löngum garði, samsvarandi flóðafarvegi og 14 keilum auk uppgræðslu raskaðs svæðis, alls um 15 hektara. Verkinu skal lokið fyrir 1. september árið 2006 en áburðargjöf skal viðhaldið til ársins 2007.

– kristinn@bb.is

Frumvarp til laga um breytingar á tollalögum

Tollumdæmum á Vestfjörðum fækkar um þrjú

Tollumdæmum á Vestfjörðum mun fækka um þrjú ef frumvarp til nýrra tollalaga nær fram að ganga á Alþingi. Tollstjóraembættin sem lögð verða niður eru á Patreksfirði, Bolungarvík og Hólmavík. Fjármálaráðherra mun á næstu dögum leggja fram til kynningar á Alþingi frumvarp til breytinga á tollalögum þar sem gert er ráð fyrir að tollumdæmum á landinu fækki úr 26 í 9.

Í vefriti fjármálaráðuneytisins kemur fram að þetta sé lagt til vegna þess að á undanförnum árum hafi orðið mikil breyting á starfsumhverfi tollstjóra sem krefjist síaukinnar sérhæfingar þeirra. Markmiðið með breytingunni sé að ná fram aukinni sérþekkingu, samhæfingu og sveigjanleika í starfsemi tollayfirvalda á sviði tollheimtu, tollendurskoðunar og tollgæslu.

Nái tillögurnar fram að ganga leggjast niður embætti tollstjóra á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Hólmavík. Áfram verður tollstjóri staðsettur á Ísafirði. Sýslumenn á hverjum stað hafa gegnt embætti tollstjóra. Lagt er til að sýslumenn á þeim stöðum þar sem embætti tollstjóra verða lögð niður verði í framtíðinni umboðsmenn tollstjóra.

„Skipulagsbreytingin felur í sér að yfirstjórn tollamála á landsvísu heyrir undir færri tollstjóra en nú er. Gerir það yfirstjórn tollamála á landsvísu markvissari en þjónusta við fyrirtæki og einstaklinga í héraði breytist ekki. Þannig er gert ráð fyrir að tollhafnir og tollverðir verði áfram á þeim stöðum þar sem atvinnulífið kallar eftir að tollaafgreiðsla eigi sér stað. Verður því engin breyting á þjónustustigi á einstökum stöðum á landinu", segir í vefritinu. *– hj@bb.is*

Námskeið til undirbúnings sveinsprófs í húsasmíði

Hefur þú hug á því að styrkja þig fyrir sveinspróf í húsasmíði sem haldið verður í vor? Þá getum við hjálpað þér.

Fyrirhugað er að halda námskeið við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki dagana 3. - 5. júní. Námskeiðið hefst 3. júní kl. 08:00 í verknámshúsi skólans ef næg þátttaka fæst. Lágmarksfjöldi er sex nemendur.

Útvegum gistingu (svefnpokapláss) ef með þarf í húsnæði skólans. Kostnaður á nemanda er kr. 20.000.- + efni.

Inntak: *Farið verður yfir bóklega og verklega þætti sem tengjast náminu.*

Þátttaka tilkynnist fyrir 14. maí í síma 455 8000 á skrifstofu skólans.

Allar nánari upplýsingar veitir Atli Már Óskarsson, tréiðnakennari við FNV í síma 455 8000 og 860 2083.

Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans: www.fnv.is

Menntskælingar í kúalíki gerðu Ísfirðingum rúmrusk

Íbúar á Ísafirði og víðar í Ísafjarðarbæ hrukku upp við mikinn skarkala eldsnemma á föstudagsmorgunn. Voru þar á ferð nemendur í 4. bekk Menntaskólans á Ísafirði sem hófu dimission með lúðraþyt og bumbuslætti til að halda upp á síðasta skóladag fyrir próf. Liðlega 30 manns voru í hópnum að þessu sinni og skarta glæsilegum kúabúningum og voru mörg stúdentsefnin með myndarleg júgur á kviðnum.

Áralöng venja er fyrir dimission í Menntaskólanum á Ísafirði líkt og í mörgum fleiri skólum. Gengið er að heimilum helstu fulltrúa kennaraliðsins og þeir vaktir með látum. Þriðji bekkur skólans gefur venju samkvæmt út rit af þessu tilefni og nefnist það Cloaca. Þar er að finna skopmyndir af útskriftarárganginum og kennurum hans ásamt umsögnum nemendanna hvers um annan. Leggja menn jafnan mikið á sig til að fá eftirminnilega umsögn í þessu merka riti.

Nemarnir þeystu um bæinn um orguninn og var líf og fjör hjá hópnum sem lét ekki kuldann á sig fá. Ljósmynd: Birgir Þór Halldórsson. *– kristinn@bb.is*

Félag eldri borgara á Ísafirði

Jón Fanndal nýr formaður

Jón Fanndal Þórðarson var kjörinn formaður Félags eldri borgara á Ísafirði á aðalfundi félagsins sem haldinn var fyrir stuttu. Jón Fanndal tekur við starfinu af Hákoni Bjarnasyni, sem gengdi formennsku frá árinu 1997. Félag eldri borgara á Ísafirði var stofnað í nóvember 1994 og á því 10 ára afmæli í haust. Aðal hvatamaður að stofnun félagsins var Guðmundur Ingólfsson, sem jafnframt var fyrsti formaður þess.

Félagssvæði Félags eldri borgara er Ísafjarðarbær og Súðavík að Flateyri undanskilinni, en þar er starfandi sér félag. Félagsmenn eru um 300 talsins. Afmælisins verður minnst þegar líður á árið. Auk Jóns Fanndals skipa stjórn félagsins, Sigríður Matthíasdóttir Ísafirði, Einar Guðnason Suðureyri, Sjöfn Magnúsdóttir Ísafirði og Bjarni Einarsson Þingeyri. Í varastjórn eru Salbjörg Þorbergsdóttir Súðavík, Gunnar Valdimarsson Ísafirði og Páll Jóhannesson Ísafirði.



Jón Fanndal Þórðarson.

– bb@bb.is

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

PÓSTURINN
allur pakkinn

Hversu stór eða þung sem varan þín er tökum við að okkur að flytja hana. Með öflugu dreifikerfi og sérþjálfuðu starfsfólki sjáum við til þess að hver einasta sending komist í réttar hendur á réttum tíma. Við bæði sækjum og sendum. Láttu okkur sjá um allan pakkann.

Hafðu samband við sölufulltrúa í síma 580-1090 og fáðu heimsókn frá okkur.

www.postur.is

Björgunarsveitirnar Björg á Suðureyri og Dýri á Þingeyri

Til skoðunar að taka niður björgunarskýli á Dynjandisheiði og Botnsheiði

Til skoðunar er í Björgunarsveitinni Björgu á Suðureyri og Björgunarsveitinni Dýra á Þingeyri hvort það þjóni einhverjum hagsmunum að halda við björgunarskýlum á Dynjandisheiði og Botnsheiði. Valur Valgeirsson, formaður Bjargar á Suðureyri, segir að mál skýlisins á Botnsheiði séu í skoðun. Hann segir aðstæður hafa breyst mjög eftir tilkomu jarðganga undir Breiðadals- og Botnsheiðar og því sé í raun lítil þörf á að viðhalda skýlinu á Botnsheiði. Í því sambandi nefnir Valur að skýlið sem var á Breiðadalsheiði hafi verið tekið niður skömmu eftir opnun ganganna.

„Þessi skýli voru byggð upp af miklum stórhug á sínum tíma en nú hafa tímarnir breyst með framförum í samgöngum og fjarskiptum. Því er spurning hvort því fé sem færi í endurbyggingu skýlisins á Botnsheiði er ekki betur varið í annað“, sagði Valur og bætti því við að ákvörðun yrði tekin á næstunni.

Kristján Gunnarsson, formaður björgunarsveitarinnar Dýra á Þingeyri, segir mál björgunarskýlanna hafa verið í lægð vegna breytinga á eignarhaldi þeirra. Kristján segist hafa fylgst með þessum málum undanfarna áratugi eða allt síðan eldhuginn séra Stefán Eggertsson á Þingeyri féll frá. „Við höfum af veikum mætti reynt að halda þessum skýlum við en því miður hefur það ekki tekist betur en raun ber vitni“, segir Kristján. Hann segir umgengni um skýlin ekki hafa hjálpað til.

„Það verður að segjast eins og er að umgengni um þau hefur verið skelfileg. Það má segja að skýlið á Dynjandisheiði hafi ekki borið sitt barr eftir að eldavél úr því var stolið. Það var gert á svo grófan hátt að þakið stórskemmdist við það. Þetta var að hausti til þannig að húsið var opið fyrir veðrum og vindum um langan tíma á eftir.“

Aðspurður hvort ekki sé hreinlegra að taka skýlið niður segir Kristján það hafa verið rætt því óneitanlega sé ekki sama þörfin fyrir það og áður.

„Þegar þetta skýli var byggt var eina leið fólks af norðanverðum Vestfjörðum suður um Dynjandisheiði. Nú er fyrir löngu önnur leið komin í gagnið og því er fólk ekki á ferðinni þarna í jafn tvísýnum veðrum og áður“, sagði Kristján Gunnarsson.

– hj@bb.is

Eitt af björgunarskýlum Vestfirðinga.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Ríkiskaupum falið að selja barnaskólann á Núpi

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að Ríkiskaupum verði falið að selja barnaskólann á Núpi í Dýrafirði. Um er að ræða skólahúsnæði, íbúð og bílskúr, samtals 557 fermetra að stærð, sem er að hluta til í eigu ríkissjóðs og að hluta til í eigu Ísafjarðarbæjar. Fasteignamat eignarinnar er tæplega 14,2 milljónir króna og brunabótamatið er rúmar 59 milljónir.

Í minnisblaði bæjarritara sem var kynnt á fundinum segir að Ísafjarðarbær hafi haft afskaplega takmörkuð not af húsnæðinu á undanförnum árum. Skólahúsnæðið hefur verið leigt Ferðaþjónustunni Alviðru undanfarin sumur frá 1. júní til 31. ágúst og íbúðin hefur verið leigð einstaklingum 2-3 mánuði á ári yfir sumarið. Bæjarritari segir leigutekjur ekki hafa hrokkið fyrir rekstrarkostnaði og meðgreiðsla síðustu tveggja ára í beinum útlögðum kostnaði nemi um 700 þúsundum.

Bæjarritari tekur fram að nær ekkert fé hafi verið lagt í viðhald á eigninni undanfarin ár og sé hún farin að bera þess merki.

– kristinn@bb.is

Tölvuþjónustan Snerpa ehf., á Ísafirði

Opnar eigið netsamband milli Ísafjarðar og Flateyrar

Í síðustu viku var formlega opnað nýtt netsamband, í eigu Snerpu ehf. á á Ísafirði, á milli Ísafjarðar og Flateyrar. Sambandið tengir sítengda netnotendur á Flateyri við internetið. Áður var það tekið um leigulínu frá Símanum en vegna aukinnar notkunar var ákveðið að stækka tenginguna. Hagkvæmast reyndist fyrir Snerpu að setja upp eigin örbylgjuleið um Þverfjall og Holt í Önundarfirði. Leiðin sem er farin er 22 km að lengd og er notaður búnaður frá Icecom ehf. í Garðabæ. Sambandið er hægt að stækka eftir þörfum án þess að skipta um loftnet allt upp í 22 Mbps afköst.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri opnar formlega nýja örbylgjuleið með táknrænum hætti með því að klippa á símasnúru. Með honum á myndinni eru Matthildur Helgadóttir, framkvæmdastjóri Snerpu ehf., Björn Davíðsson, þróunarstjóri, og Jón Arnar Gestsson, markaðsstjóri.

Þetta er þriðji áfanginn í uppbyggingu Snerpu á eigin langlínuleiðum en fyrr á árinu var sett upp samband milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Einnig er fyrir samband á milli Hólmavíkur og Drangsness sem var sett upp á síðasta ári. Fyrirhugað er að bæta við tveimur til þremur sambönd-um af þessari gerð á næstunni í tengslum við frekari uppbyggingu á örbylgjuneti Snerpu.

Snerpa rekur nú örbylgjunet á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Hnífsdal, Ísafirði, Súðavík, Hólmavík, Drangsnesi og Þórshöfn á Langanesi.

Á næstunni er fyrirhugar Snerpa ehf. að opna aðgang að örbylgjunetinu á Bíldudal og Reykhólum. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, opnaði hið nýja netsamband í höfuðstöðvum Snerpu ehf. á Ísafirði.

– hj@bb.is

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Sundstræti 39: 227,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og nýjum bílskúr. Mikið uppgert. **Tilboð óskast**

Bakkavegur 4b: 100 m² lítið einbýlishús úr timbri ásamt fyrirtæki um kleinubakstur. **Tilboð óskast**

Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. Laust fljótlega. **Verð 3,5 m.kr.**

Miðtún 45: 188 m² fallegt raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 14 m.kr.**

Sunnuholt 1: 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði. **Verð 16 m.kr.**

Urðarvegur 76: 196 m² endaraðhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. **Verð 13,2 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:

Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. **Tilboð óskast**

Silfurtorg 1: 104 m² ´3-4 herb. íbúð á 3. hæð í þríbýlishúsi. Bílastæði á baklóð. **Tilboð óskast**

Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 8 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:

Stórholt 11: 70 m² þriggja herbergja íbúð á annari hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Sér geymsla og sameiginl. þvottahús í sameign. Skipti á stærri eign möguleg. **Verð 4.2 m.kr.**

Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. **Verð 4,5 m.kr.**

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

2ja herbergja íbúðir:

Pólgata 4: 76 m² íbúð á jarðh. í fjórbýlishúsi. **Verð 2,7 m.kr.**

Nuddstofa:

Sólbaðsstofa með dekurаðstöðu, leiguaðstaða í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, sogæðanuddtæki, Turbo ljósabekkur o.fl. **Tilboð óskast**

Atvinnuhúsnæði:

Hrannargata 2: 164 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. **Verð 4 m.kr.**

Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsn. og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innr., tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. **Tilboð óskast**

Suðureyri:

Hjallabyggð 5: 132 m² einbýlishús á einni hæð, fjögur svefnherbergi og þvottahús. **Tilboð óskast.**

Aðalgata 16: 133 m² uppgert skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 3 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: **www.tg.is**

Smáauglýsingar

Fjölskylda óskar eftir húsnæði á Ísafirði til leigu frá 1. júlí til lengri tíma. Helst er óskað eftir einbýlishúsi eða sambærilegu. Um er að ræða mjög traust og reglusamt fólk. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband í síma 690 2812.

Til sölu er nýr 12 feta plastbátur. Verð kr. 60 þús. Uppl. gefur Sturla í síma 892 1688.

Til leigu er einstaklingsíbúð á Ísafirði. Uppl. í síma 899 0742.

Óska eftir húsnæði til leigu í Bolungarvík, a.m.k. 3ja herbergja. Uppl. í síma 894 0603.

Til sölu er Musso jeppi, 2,9 turbo dísel, árg. 98. Bíllinn er á 33" dekkjum á álfelgum og breytingaskoðaður. Tengibúnaður, ljóskastarar, þokuljós og nýir stillanlegir Koni gasdemparar. Ókumælir. Uppl. í símum 456 3454, 891 7704 og 849 9451.

Óska eftir að kaupa hjólbarða 155x15". Einnig hjólkoppa á Volkswagen, eða ál eða krómfelgur, fjögurra gata á Volkswagen bjöllu. Upplýsingar í símum 456 3454 eða 891 7704.

Til leigu eða sölu er 55m² stúdíó íbúð með auka herbergi á Reynimel í Reykjavík frá 1. júlí. Langtímaleiga. Um er að ræða snyrtilega íbúð nálægt Háskólanum. Leiga er kr. 58 þús. á mánuði. Uppl. í síma 690 2812.

Vel með farinn ísskápur með frystihólfi og þvottavél óskast til kaups. Uppl. í síma 864 6530.

Foreldrar og forráðamenn barna og unglinga! Endilega lítið á óskilamunina í sundlauginni sem fyrst.

Til sölu er Jeep Cherokee Laredo árg. 1987. Uppl. gefur Fríða í síma 899 3178.

Til sölöu er General Electric þvottavél á kr. 20.000. Uppl. í síma 456 5906.

Slysavarnafélagið Landsbjörg óskar eftir að ráða umferðarfulltrúa til starfa frá og með 21. júní til 6. ágúst. Starfsvæði hans er Vestfirðir og Snæfellsnes. Um er að ræða 100% starf. Nánari uppl. gefur Sigrún í síma 570 5900.

Óska eftir ódýrri frystikistu, helst gefins. Uppl. í síma 861 8980.

bb.is

Auglýsingasíminn er 456 4560

Skíðamenn heiðraðir á afmælishátíð Skíðafélags Ísfirðinga

Fjölmörgum skíðamönnum voru veittar heiðursviðurkenningar á 70 ára afmælishátíð Skíðafélags Ísfirðinga sem haldin var í sal frímúrara á Ísafirði á laugardagskvöld. Þrír fengu gullmerki Íþróttaog ólympíusambands Íslands, jafnmargir fengu gullmerki Skíðasambands Íslands og fimm hlutu viðurkenningar frá Héraðssambandi Vestfirðinga. Rúmlega 200 manns nutu kræsinga og fylgdust með glæsilegri skemmtidagskrá sem stóð fram yfir miðnætti. Jónas Gunnlaugsson, formaður Skíðafélags Ísfirðinga, segist afar ánægður með hvernig til tókst. „Ég hef ekki heyrt nema ánægjuraddir með hátíðina“, segir Jónas.

Veislustjórinn, Magnús Reynir Guðmundsson, þótti fara á kostum og kynnti til sögunnar marga góða listamenn m.a. skíða- og söngdrottninguna Freyju Ólafsdóttur og samleik nýbakaðra Íslandsmeistara, Brynjólfs Óla Árnasonar og Önnu Maríu Guðjónsdóttur, á gítar og flautu.

Þá var boðið upp skíðatískusýningu þar sem straumum og stefnum á dalnum í gegnum tíðina voru gerð skil, svo fátt eitt sé nefnt.

Margir voru aðkomnir vegna hátíðarinnar og auk fulltrúa á ársþingi Skíðasambands Íslands sem haldið var á Ísafirði um sömu helgi mátti líta í salnum ýmsar kempur sem hafa keppt undir merkjum Skíðafélags Ísfirðinga, m.a. Jakobínu Jakobsdóttur, Ástu Halldórsdóttur, Guðmund Jóhannsson og Ólaf Sigurðsson, að ógleymdum þeim fjölmörgu afreksmönnum sem búsettir eru á svæðinu.

Að dagskrá tæmdri var tekið til við dansinn sem dunaði fram á rauða nótt, fyrst við undirleik færibands Guðrúnar Jónsdóttur og síðan Heimamanna sem lögðu áherslu á ísfirsk danslög m.a. frá Ýr og BG.

Kempurnar Oddur Pétursson, Gunnar Pétursson og Sigurður Jónsson hlutu allir gullmerki ÍSÍ.

Oddur byrjaði ungur að iðka skíði á Ísafirði, náði góðum árangri sem keppnismaður, varð Íslandsmeistari í skíðagöngu og fór á ólympíuleika tvisvar sinnum. Oddur var lengi einn af forystumönnum Ísfirðinga í skíðaíþróttinni, var formaður Skíðaráðs Ísafjarðar og átti sæti í skíðalyftunefnd Íþróttabandalags Ísfirðinga. Hann iðkar gönguskíði enn.

Gunnar Pétursson hóf skíðaiðkun snemma og er enn að. Hann varð Íslandsmeistari í skíðagöngu og norrænni tvíkeppni og fór á ólympíuleika árið 1952. Gunnar hefur alla tíð unnið að framgangi skíðaíþróttarinnar. Hann átti sæti í skíðalyftunefnd Íþróttabandalags Ísfirðinga og í Skíðaráði Ísafjarðar og sat um skeið í stjórn Skíðasambands Íslands.

Sigurður Jónsson, eða Búbbi prentari eins og hann er þekktur á Ísafirði, var einn af frumkvöðlum skíðaíþróttarinnar í bænum. Hann átti sæti í stjórn Skíðafélags Ísafjarðar, sat í skíðalyftunefnd og í Skíðaráði Ísafjarðar. Búbbi hefur verið ötull skíðaiðkandi fram á þennan dag og gekk heiðurshring í boð-

Verslun Ísafirði 456 4644
Timbursala Ísafirði 456 4655
Opnunartími: Mán. - fös. 8-18 Lau. 10-13 Timbursala lokuð laugardaga
HÚSASMIÐJAN
www.husa.is

PÓSTURINN
allur pakkinn

STAKKUR SKRIFAR

Lýðræðisleg umræða

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.

Umræðan um lagasetningu varðandi eignarhald á fjölmiðlum hefur verið mjög athyglisverð. Einkum er áberandi hve hagsmunir einstakra hópa hafa ráðið miklu um afstöðu og ummæli. Formaður Blaðamannafélags Íslands er starfsmaður Norðurljósa og hefur því hagsmuna að gæta og á greinilega erfitt með að hefja sig upp fyrir þann sjónarhól. Starf hans kann að vera að veði, eins og margir hafa talað. En hann er ekki einn á báti. Skipið er vel mannað í þeim skilningi að áhöfnin er fjölmenn. Framgangur margra útvarps-, sjónvarps- og blaðamanna ber þess nokkur merki að þeir hafi ekki óháða sýn á hina „lýðræðislegu umræðu”. Sá grunur verður áleitinn að þeir gleymi megin sjónarmiðinu, að allar skoðanir eigi rétt á sér hversu vel eða illa þeim líkar við þær. Það er makalaust að hlusta á formann Samfylkingarinnar tala nú með þeim hætti að stórfyrirtæki þurfi nú sérstakrar verndar. Þannig var ekki talað um Eimskip, Morgunblaðið og Álverið áður fyrri.

Því má nefnilega aldrei gleyma að skoðun sem er okkur ekki að skapi á rétt á því að heyrast og hljóta hlutlæga umræðu. Áður hefur verið að því spurt hvort lýðræði verði nokkurn tíma stýrt. Svarið er nei, annars er til lítils barist. Hverjir hafa áhrif? Því er bæði auðvelt og erfitt að svara. En ljóst er að þeir sem hafa yfir fjölmiðlum að ráða eiga mjög auðvelt með að hafa áhrif á það hvernig og hverjar fréttir eru sagðar. Hvort þeir gera það er aftur á móti undir þeim komið. Það er athyglisvert að formaður stjórnar Árvakurs skuli hafa aðra skoðun á því hvort samþjöppun fjölmiðla þarfnist aðhalds en ritstjóri Morgunblaðsins sem Árvakur gefur út. Morgunblaðið hefur vissulega haft áhrif á pólitíska umræðu vegna þeirra skoðana sem þar koma fram, en nýtur samt virðingar umfram hin dagblöðin ef marka má skoðanakannanir, þótt útbreiðsla Fréttablaðsins sé meiri, enda er því dreift „ókeypis”, það er að segja án þess að lesendur þurfi að greiða beint fyrir blaðið. Fréttablaðið er því óháð í þeim skilningi að vera fjárhagslega óháð lesendum sínum. Þeir þurfa ekki að greiða sérstaklega fyrir að nálgast auglýsingar sem þar birtast.

Vissulega er rétt að hinni lýðræðislegu umræðu er ekki lengur stýrt af málgögnum stjórmálaflokkanna, en þeir sem vilja geta haft áhrif með því að nota fjölmiðilinn sem þeir eiga nákvæmlega eins og stjórmálaflokkarnir gerðu meðan þeir áttu sjálfir dagblöð. Enginn efast um tengsl R listans í Reykjavík við Samfylkinguna, þótt vissulega sé hún ekki ein að baki hans. Enn er mörgum spurningum um hin fjárhagslegu tengsl Baugs við R listann ósvarað. Þeim hefur ekki verið svarað fremur en þeim er snúa almennt að styrktaraðilum stjórnmálaflokka.

Vandamál lýðræðislegrar umræðu á Íslandi eru fólgin í smæðinni og því að gegnsæjar reglur skortir um margt, þar á meðal fjölmiðla. Að auki má aldrei gleyma því að enginn er með öllu óháður í þessu lífi og öll litumst við af umhverfi okkar. Umræðuna má hins vegar ekki kæfa af þeirri ástæðu einni að skoðanir annarra séu okkur ekki að skapi. Við getum alltaf komið með rök með og á móti. Sú ófyrirleitna persónulega umræða sem fylgt hefur umræðunni um lagsetningu varðandi eignarhald á fjölmiðlum er afar slæm birtingarmynd upplýsts lýðræðis í upphafi 21. aldarinnar. Við eigum og megum hafa skoðanir en verðum að styðja afstöðu okkar rökum. Svo einfalt er það.

göngu á nýliðnu skíðalandsmóti ásamt þeim Oddi og Gunnari, 55 árum eftir að þeir urðu Íslandsmeistarar í þeirri grein ásamt Ebeneser heitnum Þórarinssyni.

Björn Helgason, Hafsteinn Sigurðsson og Þröstur Jóhannesson hlutu gullmerki SKÍ en þeir hafa allir unnið mikið og lengi að uppbyggingu og framgangi skíðamála á Ísafirði.

Björn starfar sem íþróttafulltrúi Ísafjarðarbæjar. Hann er gamall keppnismaður á skíðum og hefur starfað mikið fyrir skíðahreyfinguna í bænum. Hann hefur m.a. verið í undirbúningsnefndum fyrir landsmót og alþjóðleg mót, starfað mikið að uppbyggingu mannvirkja og verið tengiliður skíðahreyfingarinnar við stjórnsýsluna.

Hafsteinn er gamall keppandi, var um tíma stjórnarmaður í Skíðaráði Ísafjarðar og hjá Skíðafélagi Ísfirðinga og hefur starfað mikið að uppbyggingarmálum skíðaíþróttarinnar í bænum. Hann hefur einnig þjálfað hjá skíðafélaginu um margra ára skeið auk þess sem hann var landsliðsþjálfari í alpagreinum. Hafsteinn hefur komið mikið að menntun alpagreinaþjálfara hér á landi.

Þröstur hefur verið einn helsti framgangsmaður skíðagöngu á Ísafirði og á landinu öllu síðustu tvo áratugina. Hann hefur haldið utan um punktamál göngumanna og setið í fjölmörgum nefndum á vegum SKÍ. Þröstur er gamall keppnismaður og ólympíufari. Hann hefur starfað í stjórn Skíðaráðs Ísafjarðar og í nefndum og stjórn skíðafélagsins í langan tíma auk þess sem hann hefur komið að þjálfun á vegum félagsins.

Loks hlutu þeir Gylfi Guðmundsson, Halldór Margeirsson, Kristján Rafn Guðmundsson og Óli M. Lúðvíksson gullmerki HSV og Óskar Kárason hlaut silfurmerki HSV. Viðurkenningarnar hlutu þeir fyrir að hafa unnið lengi og ötullega að uppbyggingu og framgangi skíðaíþróttarinnar á Ísafirði. Meðfylgjandi myndir frá hátíðinni tók Birgir Þór Halldórsson. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.

Vestfirðingar komu, sáu og sigruðu á vorkeppni Kayak-klúbbsins

Óhætt er að segja Vestfirðingar hafi komið, séð og sigrað á vorkeppni Kayak-klúbbsins eða Reykjavíkurbikarnum eins og keppnin er kölluð meðal kayakmanna. Ísfirðingar hrepptu bikarinn í 10,5 km róðri karla og kvenna.

Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson frá Bolungarvík sigraði í flokki karla á trefjabátum en þar munaði aðeins einni sekúndu á honum og Halldóri Sveinbjörnssyni frá Ísafirði sem hafnaði í öðru sæti. Fanney Pálsdóttir frá Ísafirði sigraði í kvennaflokki. Þar með eru sigurvegarnir komnir með 100 stig hvor í keppninni um Íslandsmeistaratitilinn.

Eins og oft áður fjölmenntu Vestfirðinga á mótið en alls kepptu 26 manns í fimm flokkum. Keppnin fór fram á Geldinganesi í blíðskaparveðri og áttu ræðarar sem áhorfendur góðan dag.

– thelma@bb.is

Fjöldi ræðara tók þátt í mótinu.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Norðan og norðvestan 8-13 m/s, súld eða rigning norðanlands en léttskýjað sunnantil á landinu. Hiti 5-15 stig, hlýjast sunnanlands.

Horfur á föstudag: Fremur hæg austlæg átt og skýjað. Vaxandi suðaustanátt og rigning sunnan- og vestanlands síðdegis. Hiti 8-13 stig.

Horfur á laugardag: Suðlæg átt og rigning, en úrkomulítið norðaustanlands. Hiti 8-17 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

Horfur á sunnudag: Suðlæg átt og rigning, en úrkomulítið norðaustanlands. Hiti 8-17 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

Horfur á mánudag: Suðlæg átt og rigning, en úrkomulítið norðaustanlands. Hiti 8-17 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

Spurningin

Eiga fjölmiðlar að birta nöfn sakborninga í kynferðisbrotamálum?

Alls svöruðu 441.
Já sögðu 317 eða 72%
Nei sögðu 94 eða 21%
Veit ekki sögðu 30 eða 7%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Leikskólabörn í umferðarfræðslu

Lögreglan á Ísafirði stendur fyrir umferðarskóla fyrir elstu börnin í leikskólum Ísafjarðarbæjar nú í vikunni. Börnin og lögreglan koma saman í klukkustund á dag og að sögn Rósamundu Baldursdóttur, varðstjóra hjá lögreglunni á Ísafirði, verður farið ítarlegar í fræðsluna að þessu sinni en áður hefur verið gert.

Meðal verkefna í umferðarfræðslunni eru vettvangsferðir og verður margt fleira skemmtilegt gert til að kenna börnunum hvernig er rétt að haga sér í umferðinni. Á mánudag voru leikskólabörn frá Eyrarskjóli, Bakkaskjóli og Sólborg í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði að hlusta á fyrirlestur Rósamundu og var ekki annað að sjá en börnin væru mjög fróðleiksfús. – thelma@bb.is

Börn frá leikskólunum Eyrarskjóli og Bakkaskjóli hlýða á Rósamundu Baldursdóttur, varðstjóra hjá lögreglunni.

Sveit Kristins sigraði á Vestfjarðamótinu í bridge

Sveit Kristins Kristjánssonar á Ísafirði sigraði örugglega á Vestfjarðamótinu í sveitakeppni í bridge sem fram fór um helgina. Sveit Kristins hlaut 113 stig. Í öðru sæti varð sveit Sparisjóðs Vestfirðinga með 99 stig og í þriðja sæti varð sveit Snæbjarnar Geirs Viggóssonar með 81 stig.

Sigursveitina skipuðu auk Kristins þeir Jóhann Ævarsson, Guðmundur Þ. Gunnarsson, Böðvar Þórisson og Þórarinn Ólafsson. Sveit Sparisjóðsins skipuðu Sigríður Hrönn Elíasdóttir, Óskar Elíasson, Arnar Geir Hinriksson og Kristján Haraldsson.

Sveit Kristins Kristjánssonar, Vestfjarðameistarar í sveitakeppni í bridge 2004. Á myndina vantar Jóhann Ævarsson.

Ásamt Snæbirni voru í hans sveit þeir Ómar Ellertsson, Egill Sigurðsson og Brynjar Olgeirsson.

Eins og sjá má var sigursveitin skipuð fimm mönnum en hinar sveitirnar fjórum. Athygli vakti hversu spámannlega mótsstjórinn var vaxinn en hann hafði keypt fimm gullverðlaun þrátt fyrir að allar sveitirnar utan ein voru skipaðar fjórum mönnum.

– hj@bb.is

Ölvaður og athafnasamur unglingur

Aðfaranótt laugardags hafði lögreglan á Ísafirði afskipti af ölvuðum ungum manni sem var að losa skilti sem voru fest á girðingu umhverfis skólalóðina við Austurveg, andspænis veitingastöðunum Sjallanum og Krúsinni.

Lögreglan stöðvaði athæfið og lagði hald á skiltin sem maðurinn var búinn að losa. Sömu nótt hafði lögreglan afskipti af 16 ára gömlum dreng sem var mjög ölvaður í miðbæ Ísafjarðar. Tilkynning um afskiptin verða send Skóla- og fjölskylduskrifstofu til meðferðar.

Áhöld til hassreykinga finnast á víðavangi

Undanfarna daga hafa ábyrgir íbúar Ísafjarðarbæjar verið að benda lögreglu á eitt og eitt hassreykingaráhald, heimagerðar reykjarpípur, sem þeir hafa fundið á ýmsum stöðum í bænum. Þessir hlutir hafa aðallega verið að finnast á afviknum stöðum.

Lögreglan vill hvetja íbúa til að gera sér viðvart ef þeir verða varir við grunsamlegar mannaferðir sem gætu tengst fíkniefnaneyslu.

> RÚV: 15. maí kl. 19:00

Söngvakeppni sjónvarpsstöðva

Bein útsending verður í Ríkissjónvarpinu kl. 19:00 í kvöld frá Istanbúl í Tyrklandi þar sem 24 þjóðir keppa um hver á besta dægurlagið í ár. Framlag Íslands er lagið Heaven eftir Svein Rúnar Sigurðsson og Magnús Þór Sigmundsson. Jón Jósep Snæbjörnsson (Jónsi) syngur lagið.

> Stöð 2: 14. maí kl. 22:50

Spennutryllir með Val Kilmer

Stefnt á botninn, eða The Salton Sea er spennutryllir um mann sem fer illilega út af sporinu. Í aðalhlutverkum eru Val Kilmer (mynd) og Vincent D´Onofrio. Aðalsöguhetjan er Danny en hann sér ekkert nema svartnætti eftir að eiginkona hans er myrt. Hann lendir í slæmum félagsskap og dregst inn í vafasama veröld.

> Sýn: 15. maí kl. 16:30

Landsbankadeildin hefst í dag

Landsbankadeildin í knattspyrnu hefst í dag með viðureign Íslandsmeistara KR og FH. Liðin mættust í síðustu umferðinni í fyrra og þá unnu Hafnfirðingar stórsigur, 7-0. Það var snautlegur endir á tímabilinu og eiga því KR-ingar harma að hefja. Þeir þykja líklegir til að verja titilinn þetta árið.

Verðlaunahafar á mótinu.

Vortónleikar Kvennakórs

Kvennakór Bolungarvíkur heldur sína árlegu vortónleika í Víkurbæ, miðvikudaginn 19. maí nk. kl. 20:30.

Boðið verður upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá.

Stjórnandi kórsins er Margrét Gunnarsdóttir og undirleikari er Guðrún B. Magnúsdóttir.

Aðgangseyrir er 1.000 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir börn 12 ára og yngri.

Sportið í beinni

Sýn:
Laugardagur 15. maí:
Kl. 16:30 – Íslenski boltinn: KR - FH
Kl. 01:00 – Hnefaleikar: Roy Jones – Antonio Tarver

Sunnudagur 16. maí:
Kl. 17:20 – Spænski boltinn: Barcelona – R. Santander

Stöð 2:
Laugardagur 15. maí:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Liverpool – Newcastle.

Canal+ sport:
Laugardagur 15. maí:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Liverpool – Newcastle.

Kanal 5 Danmark:
Laugardagur 15. maí:
Kl. 13:30 – Þýski boltinn: Stuttgart – B. Munchen.

Sunnudagur 16. maí:
Kl. 17:30 – Spænski boltinn: Barcelona – R. Santander
Kl. 19:10 – Spænski boltinn: R. Murcia – Real Madrid.

TV 4+ Svíþjóð:
Laugardagur 15. maí:
Kl. 13:30 – Þýski boltinn: Stuttgart – B. Munchen
Kl. 18:00 – Spænski boltinn: Deportivo – Celta Vigo

Sunnudagur 16. maí:
Kl. 17:30 – Spænski boltinn: Barcelona – R. Santander
Kl. 19:10 – Spænski boltinn: Real Murcia – R. Madrid

ÍSAFJARÐARBÆR

OPINN FUNDUR Á SUÐUREYRI

Súgfirðingar athugið! Opinn fundur um byggingu íþróttahúss verður haldinn í félagsheimilinu, þriðjudaginn 18. maí nk. kl. 20:00.

Byggingarnefnd.

Sælkeri vikunnar

er Kristín Ósk Jónasdóttir á Ísafirði

Kjúklingasalat með „heitri“ sósu

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður upp kjúklingasalat sem hlýtur að teljast afar viðeigandi nú þegar túnin eru farin að grænka. Kristín Ósk segir uppskriftina ekki líta svo vel út við fyrsta yfirlestur en í reynd sé það „alveg skuggalega gott“. Hún segir þó ráðlegt að eiga piparmyntur þegar salatið er haft á borðum enda hvítlaukurinn ekki skorinn við nögl.

1 kjúklingur steiktur og skorinn í bita
barbeque sósa
1 bréf beikon steikt og skorið í bita (2-3 cm)
1 krukka fetaostur
1 iceberg haus
2 tómatar
2 rauðar papriku
1 rauðlaukur
1 poki appelsínugult Doritos

Steikið kjúklinginn og skerið í bita. Setjið bitana kalda í babequesósuna. Steikið beikonið og skerið í bita. Skerið allt grænmetið niður og blandið saman við. Bætið kjúklingi, beikon og fetaosti saman við. Að lokum er Doritos flögunum blandað aðeins við og settar ofan á.

Sósan sem er nauðsynleg með
2 msk hunang
6 hvítlauksrif
6 jalepenosneiðar (úr krukku)
engifer (af hnífsoddi)
olía

Setjið allt hráefnið nema olíu í matvinnsluvél og maukið. Bætið olíunni út í eftir þörfum.

Ég ætla að skora á svila minn Einar Guðmundsson í Bolungarvík að koma með uppskrift næstu viku.

bb.is

Góð leið til að koma vöru og þjónustu á framfæri við Vestfirðinga.

Hafið samband við Steingrím eða Sigurjón í síma 456 4560

Sumardvalarstyrkir

Umsóknir um sumardvalarstyrki hjá Styrktarfélagi fatlaðra þurfa að berast félaginu fyrir 1. júní nk.

Umsóknir skal senda í pósthólf 288, 400 Ísafjörður.

Styrktarfélag fatlaðra, Vestfjörðum.

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 · Ísafirði · Sími: 456 4144 · Fax: 456 4243

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu. Sjá einnig www.snerpa.is/fasteignir

Eftirlitslaust samkvæmi

Lögreglan á Ísafirði hafði afskipti af eftirlitslausu unglingasamkvæmi í heimahúsi á Ísafirði á föstudagskvöld. Nokkur ungmennanna, sem verið höfðu í gleðskapnum, reyndust ölvuð.

Lögreglan lítur málið alvarlegum augum og hefur tilkynning um atvikið verið send Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Þá ætlar lögreglan að skoða það sérstaklega hvaðan ungmennin fengu áfengið. Lögreglan vill hvetja foreldra til að halda vöku sinni gagnvart eftirlitslausum unglingasamkvæmum og/eða útilegum í sumar.

Brotist inn í fiskhjalla

Brotist var inn í tvo harðfiskhjalla við Hnífsdalsveg um sl. helgi og þaðan stolið þeim harðfiski sem þar var til þurkunnar. Um er að ræða nokkra tugi kg. af steinbít og ýsu. Lögreglan óskar eftir upplýsingum um grunsamlegar mannaferðir við hjallana eða um annað er gæti gefið vísbendingar um hverjir hafi þarna verið á ferð.

Lögreglan hafði afskipti af nokkrum ökumönnum vegna umferðarlagabrota. Þannig voru nokkir teknir fyrir of hraðan akstur, en sá sem hraðast ók var á 112 km. hraða á vegarkafla þar sem hámarkshraði er leyfður 90 km. Þá mega 15 bifreiðaeigendur búast við sektum eftir vikuna fyrir að hafa ekki fært ökutæki sín til lögbundinnar bifreiðaskoðunar.

Þá var tilkynnt um þrjú umferðaróhöpp í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði. Engin slys urðu á vegfarendum í þessum óhöppum.

Sölubörn!

Sölubörn óskast til afleysinga á Ísafirði.
Hafið samband við Sigurjón í síma 456 4560.

> Stöð 2: 15. maí kl. 22:20

Stuðboltinn Van Wilder

Van Wilder er frábær gamanmynd sem kemur öllum í gott skap. Hinn eini og sanni er Van Wilder eilífðarstúdent. Hann er búinn að vera sjö ár í framhaldsskóla en útskrift er enn fjarlægur draumur. Pabbi hans er búinn að fá nóg og neitar að borga skólagjöldin. Van lætur sér ekki bregða og heldur sínu striki.

skrifa.com
Upplýsingavefur gervihnattafólksins

Afruglarar · kort · brennarar og allt annað til að fullnýta búnaðinn.

Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23

Hundrað ára hagsæld

Aldarafmæli Landsbankans á Ísafirði

Afmælisveisla föstudaginn 14. maí

Í tilefni af 100 ára afmælinu bjóðum við bæjarbúum og öðrum velunnurum bankans í nærliggjandi byggðum að koma í útibúið á afgreiðslutíma á föstudaginn og þiggja veitingar.

Afmælisgestum gefst tækifæri til að skoða nýinnréttaðan afgreiðslusal útibúsins og sýningu á Kjarvalsmálverkum í eigu Landsbankans.

Þökkum heilladrjúgt samstarf við Ísfirðinga í hundrað ár.

www.li.is | 560 6000

Landsbankinn
Banki allra landsmanna